

FRÉTTABLAÐIÐ

108. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FÖSTUDAGUR 3. JÚNÍ 2022



Fagnaðarlætin í tilefni af sjötíu ára valdaafmæli Elísabetar Bretlandsdrottningar voru ekki allra og vöktu viðbrögð hins fjögurra ára gamla Lúðvicks litla, Bretaprins af Cambridge, lukku viðs vegar um heiminn. Systkini hans, Karlotta og Georg, tóku látunum með stökustu ró en hávaðinn úr slíkum flugsýningum getur verið ærandi fyrir ung eyru.

Veðigjöld ættu að vera allt að sextíu milljarðar

Sjávarútvegsrisarnir hafa ýmsar leiðir til að sneiða hjá veðigjöldum, svo sem að færa hagnað á vinnslu. Fyrirverandi ríkisskattstjóri segir galið að gjöld ríkis til kerfis séu hærri en tekjur.

bth@frettabladid.is

SJÁVARÚTVEGUR Indriði H. Þorláksson, fyrrverandi ríkisskattstjóri og ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, telur eðlilegt miðað við afkomu sjávarútvegsfyrirtækja að ríkið fengi 40–60 milljarða króna

á ári í veðigjöld. Alls greiddu fyrirtækin 4,8 milljarða í veðigjöld árið 2020.

Indriði segist líta svo á að greina verði milli eðlilegs rekstrarhagnaðar og hagnaðar af sameiginlegri auðlind. Sá hagnaður tilheyrir ekki fyrirtækjunum heldur þjóðinni.

„Mér sýnist að þetta séu 40–60 milljarðar á ári sem ættu að renna til þjóðarinnar,“ segir Indriði.

Indriði segir marga ágalla á kerfinu sem valdi því að útgerðin stórhagnist án þess að ríkið fái sitt. Stór hluti umframhagnaðar í útgerðinni sé fluttur til vinnslunnar sem gæti



Búbótin er ekki þjóðarbúsins heldur er hún fyrir þessar tíu til fimmtán fjölskyldur sem ráða.

Indriði H. Þorláksson

þýtt að 30–40 milljarðar af hagnaði stórutgerðanna séu fluttir á stað sem núverandi veðigjaldakerfi geti ekki nálgast.

Stórbætt afkoma útgerðanna vegna hækkunar á fiskverði erlendis skili sér beint í vasa útgerðarinnar, því hlutaskiptaverð sjómanna miðist ekki við verð á erlendum mörkuðum og fólk sem starfi í frystihúsum fái ekki launahækkun vegna hærri verðs. „Búbótin er ekki þjóðarbúsins heldur er hún fyrir þessar 10 til 15 fjölskyldur sem ráða.“

Þá bendir Indriði á að áður en

veðigjald er ákvarðað séu afskriftir áætlaðar. Utgerðarmenn afskrifi skip sem endist í 30 ár á átta árum sem stórlækki veðigjöldin.

Sú leið að bjóða út kvóta virki ekki sem skyldi þar sem fiskiskipaflotinn sé mestallur í eigu örfárra aðila sem eigi 70–80 prósent af kvótanum. „Það þýðir að þeir sem eiga eftirstöðvarnar hafa engan skipaflota til að bjóða í hitt.“

Það er hreinlega galið,“ segir Indriði um að stjórnsýslukostnaður ríkisins við að þjónusta útgerðina sé hærri en veðigjöldin sem renna til ríkisins. ■

Alrafmagnaður Škoda Enyaq iV

412 til 534 km drægni (WLTP). Fæst einnig fjórhjóladrifinn!

Verð frá **5.990.000 kr.**

Hekla Laugavegi 174, 105 Rvk. www.hekla.is/skodasalur

Fyrsta stigið kom í jafntefli í Ísrael

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Íslenska karlalandsliðið er komið á blað í Þjóðadeild UEFA eftir 2-2 jafntefli gegn Ísraelum í Þjóðadeildinni í gær. Þetta var fyrsta stig Íslands í ellefu leikjum í keppninni. Strákarnir okkar voru lengi af stað og lentu undir í Ísrael þar sem aðstæðurnar voru erfiðar og hitinn mikill. Það sló íslenska liðið ekki út af laginu. Þórir Jóhann Helgason jafnaði metin með fyrsta marki sínu fyrir Íslands hönd og Arnór Sigurðsson kom Íslandi yfir í seinni hálfleik.



Þórir er 78. leikmaðurinn sem skorar fyrir karlalandsliðið.

Þegar liða tók á leikinn mátti sjá þreytumerki á íslenska liðinu og náðu Ísraelar að jafna metin undir lok leiksins. ■

Icelandair aflýsti tíu flugum á viku

birnadrofn@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Icelandair þurfti í síðustu viku að aðlaga flugáætlun sína vega tafa á flugvélum úr reglulegu viðhaldi. Vikuna 23.–29. maí var alls tíu flugum flugfélagsins til og frá Keflavíkurflugvelli aflýst.



Ásdís Ýr Pétursdóttir, upplýsingafulltrúi Icelandair.

Ásdís Ýr Pétursdóttir, upplýsingafulltrúi Icelandair, segir í skriflegu svari við fyrirspurn Fréttablaðsins, að áhersla sé lögð á að breytingar á flugáætlun hafi sem minnst áhrif á farþega og að koma öllum á sinn áfangastað, helst samdægurs. „Við höfum þurft að fella niður einstaka flug en öflug flugáætlun og mikil tíðni á vinsælustu áfangastaði okkar hefur gert okkur kleift að leysa þetta að mestu leyti með því að sameina flug innan dagsins,“ segir Ásdís. ■

Haltu mér, slepptu mér



Krakkarnir úr Breiðagerðisskóla fengu að kynna lífríki Elliðaánna í gær þar sem Jóhannes Sturlaugsson hefur haldið námskeiði í átta ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Dánartíðni mest í Svíþjóð og minnst á Íslandi í Covid

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 Á tímabilinu frá mars 2020 fram á þriðja ársfjórðung 2021 jókst dánartíðni umtalsvert í Svíþjóð á meðan hún hækkaði smávægilega í Finnlandi og Danmörku en dróst hins vegar saman á Íslandi. Þetta segir á vef Hagstofu Íslands. Í Noregi var dánartíðni lægri á síðasta ári sé miðað við árið á undan en þegar uppsöfnuð dánartíðni vegna Covid-19 faraldursins er borin saman á Norðurlöndunum má sjá að hún er langhæst í Svíþjóð. Í september á þessu ári voru uppsöfnuð dauðsföll á hverja 100 þúsund íbúa í Svíþjóð tæplega 143 en á sama tíma voru þau 8,95 á Íslandi, tæp 16 í Noregi og 45,6 í Danmörku. ■

Fundu koníaksflöskur keisarans í sprengdu skipi

Kafarar á vegum íslenska fyrirtækisins iXplorer fundu koníaksflöskur Nikulásar II Rússakeisara á botni Botniúflóa. Nú hefur koníaki frá sama tíma verið tappað á flöskurnar.

kristinnhaukur@frettabladid.is

SAMFÉLAG Koníaksflöskur ætlaðar rússneska keisaranum, sem kafarar íslenska fyrirtækisins iXplorer fundu á botni Eystrasaltsins, hafa nú fengið nýtt hlutverk. Tappað hefur verið á þær rúmlega hundrað ára gömlu koníaki frá sama framleiðanda. Flöskurnar fundust um borð í flaki skipsins SS Kyros í Botniúflóa á 77 metra dýpi. Það var að bíða eftir leysingum vorið 1917 til að komast til Sankti Pétursborgar með farm þegar þýskur kaþbátur sókkti því. Um borð voru einnig teinar, skeifur og fleiri málmlutir sem áttu að fara til rússneska hersins í fyrri heimsstyrjöldinni. Þegar skipinu var sókkt voru miklar væringar í Rússlandi og Nikulás II keisari farinn frá. Ári seinna var hann myrtur af bolsévíkum ásamt fjölskyldu sinni. „Þjóðverjunum var alveg sama um koníakið en ekki um vistirnar fyrir rússneska herinn. Þess vegna sprengdu þeir skipið,“ segir hinn rússnesk-íslenski Max Mikhaylov, sem stýrir teyminu. Hann segir að aðgerðirnar hafi verið mjög krefjandi, sjórinn aðeins 1 til 2 gráðu heitur, mikil drulla á botninum og lítið skyggni. Verkefnið var í undirbúningi í fimm ár áður en fyrstu flöskurnar voru sóttar árið 2019. Restinni náðu Max og félagar hans, sem koma meðal annars frá Danmörku, Svíþjóð og Hollandi, upp árið 2021. Af 600 flöskum náðist að bjarga helmingnum, en aðeins 7 innihéldu ómengað koníak sem hægt var að



Unnt var að bjarga um 300 af 600 flöskum af koníaki og Benediktín-likjör.



Þjóðverjunum var alveg sama um koníakið en ekki um vistirnar fyrir rússneska herinn.



Max Mikhaylov
könnuður

selja. Max vissi ekki hvað hann átti að gera við tömu flöskurnar þannig að hann leitaði að uppruna þeirra og komst að því að þær komu frá norski fjölskyldu í Bordeaux að nafni Hartmann. Halfdan Hartmann hét sá sem sendi Nikulási

keisara sendinguna sem aldrei barst og langafasonur hans, Kim Birkedal Hartmann, var enn að framleiða koníak. „Ég hringdi í Kim og hann gat fundið upplýsingar um sendinguna í sínu skjalasafni,“ segir Max. Skipið festist í ís í desember árið 1916 og þann 19. maí var það sprengt af þjóðverjum. Flöskurnar hafa nú verið hreinsaðar og Hartmann-koníaki frá árinu 1910 tappað á þær. Merkingarnar eru sams konar og voru árið 1916. Ýmislegt fleira fannst í flaki Kyros, svo sem lampar og ýmsar vélar sem áttu að fara til keisarahallarinnar samkvæmt skipsbókinni. Max segist vonast til þess að geta sýnt þessa muni á Íslandi bráðlega, hugsanlega í Hörpu. Þá segir hann að iXplorer hafi hug á því að gera fleiri kannanir á Íslandi. Við stendur Íslands séu um 4 þúsund flök. „Við finnum sennilega ekki gull eða gimsteina, en ábyggilega verðmæta sögulega muni,“ segir hann. ■

AÐALFUNDUR ÍFR 2022



Aðalfundur Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík verður haldinn laugardaginn 11. júní 2022 kl. 14.00 í íþróttahúsi félagsins að Hátúni 14.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Stjórnin

MIKIÐ ÚRVAL AF LYNGRÓSUM



Ýmislegt gagnlegt í
baráttunni við lúsmý

Lavander plöntur og búnt
Flugnagildrur og fælur,
Ilmkerti, ilmolíur, o.fl.

20%
SÍGRÆNAR
PLÖNTUR



Njótum sumarsins!

Það er gaman að umvefja sig litrikum og fallegum
plöntum yfir sumartímann. Gott er að umpotta
sumarblómum þegar heim er komið
til að minnka þörfina á vökvun og áburðagjöf.



DALÍA 1.780KR



BLÁHNOÐA 1.380KR



STJÚPUR 10STK 1.680KR



GARÐHEIMAR

opið alla daga 10 - 21 & allan sólarhringinn á gardheimar.is



Sauðfjárnú fóru úr 1.716 árið 2008 niður í 1.429 árið 2020.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Búum til sveita fækkaði í faraldri

ser@frettabladid.is

LANDBÚNAÐUR Búum til sveita fækkaði sérstaklega mikið í upphafi farsóttarinnar, árið 2020, en samkvæmt nýjum tölum Hagstofunnar hefur búum í hefðbundnum landsbúnaðargreinum fækkað sem nemur hundruðum búa síðasta hálfa annan áratuginn.

Þessa þróun megi einkum rekja til færri sauðfjár- og kúabúa, en þau fyrrnefndu fóru úr 1716 árið 2008 í 1429 árið 2020 og þau síðarnefndu úr 721 í 660 á sama tímabili. Almennt hafi búum fækkað í öllum greinum nema í garðrækt og plöntufjölgun.

Rekstrartekjur landbúnaðarins hafa nánast staðið í stað frá 2016 og mældust samanlagðar tekjur greinanna árið 2020 þær sömu og árið 2015 á föstu verðlagi, segir í samantektinni. ■

Borgin veitt fjölda húsfélaga styrki vegna rafbíla

ser@frettabladid.is

REYKJAVÍK Alls er búið að styrkja yfir hundrað húsfélög í Reykjavík með á fjórða þúsund íbúðum til að byggja upp hleðslustöðvar fyrir rafbíla.

Búið er að greiða út yfir 120 milljónir króna í styrkina af hálfu borgaryfirvalda, að því er fram kemur í tilkynningu frá þeim, en þar kemur fram að umsóknum um styrkina hefur fjölgað mikið að undanförun.

Reykjavíkurborg, Orkuveita Reykjavíkur og Veitur gerðu með sér samkomulag í apríl 2019 um stórfellda uppbyggingu innviða í borginni fyrir rafbílaeigendur. Samkvæmt úthlutunarreglum er hámarks styrkuppþæð til hvers húsfélags hálft önnur milljón króna, en þó aldrei meira en sem nemur 67 prósentum af heildarkostnaði verksins. ■

Spáði því að Lilja gæti einangrast

bth@frettabladid.is

ALÞINGI Innan Sjálfstæðisflokksins var því spáð fyrir nokkru að Lilja Alfreðsdóttir menningarráðherra kynni að lenda í vandræðum með að afla stuðnings við mál eftir að hún gagnrýndi sölu á hlut Íslandsbanka og upplýsti um athugasemdir á fundum í aðdraganda sölunnar.

Fjármálaráðuneytið, þar sem Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins og ábyrgðarmaður bankasölnunnar, gegnir ráðherradömi, hefur í bréfi til atvinnuveganefndar Alþingis gagnrýnt frumvarp Lilju um endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar. Þar segir að frumvarpið sé ófjármagnað og skorti samráð við samningu þess.

Hinn 11. apríl síðastliðinn sat Friðjón Friðjónsson, sem nú er borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, fyrir svörum á Fréttavaktinni. Rætt

Segir sjókvíaeldið skreyta sig með grænþvotti

ser@frettabladid.is

NEYTENDUR Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna, segir það algerlega ótækt að almenningur viti ekki hvort hann er að kaupa sýktan eldisfisk eða ekki í matvöruverslunum.

Fréttablaðið greindi frá því í gærðag að sýktur eldislax fari á neytendamarkað í krafti umsagnar dýralækna Matvælastofnunar sem segja að veirusýkingar í fiski berist ekki í fólk.

„Auðvitað eiga allir neytendur

heimtingu á að vita hvort þeir eru að borða sýktan lax eða ekki, ella liggur allur lax undir grun,“ segir Breki og minnir á að rétturinn til upplýsingar sé meðal meginréttinda neytenda, sem John F. Kennedy lagði grunninn að í ræðu árið 1953.

„Krafan um matvælaöryggi er líka ein af grunnkröfum neytendaréttar,“ heldur Breki áfram, en enginn vafi eigi að leika á um skaðsemi matvæla. „Við höfum líka kvartað til Neytendastofu vegna sumra þessara sjókvíaeldisfyrirtækja sem skreyta sig með orðunum „vistvænt



Auðvitað eiga allir neytendur heimtingu á að vita hvort þeir eru að borða sýktan lax eða ekki.

Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna

sjóeldi“ en það er akkúrat ekkert vistvænt við það,“ segir Breki og telur fyrirtækin „skreyta sig með grænþvotti“.

Krafa Neytendasamtakanna í þessum efnum er í anda kæru sem Matvælastofnun barst í síðasta mánuði frá Íslenska náttúruverndarsjóðnum, en forkólfar hans krefjast þess að stofnunin upplýsi í svokölluðu „Mælaborði fiskeldis“ um afföll eldisfiska í sjókvíum. Að mati þeirra er það skylda stjórnvalda að veita almenningi aðgang að gögnum um afdrif þessa matfisks. ■

Sjö hundruð vísað frá iðnnámi þegar tvö þúsund manns vantar til starfa

Ef fjölgun íbúðarhúsnæðis á næstu árum á að ganga eftir vantar þúsundir iðnaðarmanna til starfa, en stjórnvöld hafa ekki tekið mið af því í fjárframlögum til iðnnáms.

ser@frettabladid.is

BYGGINGARIDNADUR Alvarlegur skortur er á fagmenntuðum iðnaðarmönnum í byggingariðnaði hér á landi, en ef áform stjórnvalda um að stórauka eigi smíði á íbúðarhúsnæði á kjörtímabilinu eiga að ganga eftir, vantar minnst tvö þúsund nýja starfsmenn í greinina.

Þetta er mat Samtaka iðnaðarins en sérfræðingar á þeirra vegum fylgjast gjörla með þróun á húsnæðismarkaði, meðal annars með reglulegri talningu á fjölda íbúðarhúsnæðis sem er í byggingu á hverjum tíma.

Nú eru tæplega 15.000 manns starfandi í byggingageiranum á Íslandi og hefur að sögn Ingólfs Bender, aðalhogfræðings Samtaka iðnaðarins, fjölgað um 1.300 manns frá því að greinin fór að taka við sér fyrir um ári, eftir að viðspyrna hófst á ný í hagkerfinu í kjölfar ládeyðu farsóttartímans.

„En það er ekki nóg, við þurfum að flytja inn vinnuafli, það er alveg ljóst,“ segir Ingólfur og bendir á þversögnina á þessu sviði. „Á síðasta skólavetri var 700 manns vísað frá iðnnámi í landinu af því að stjórnvöld hafa ekki lagt nægjanlegt fjármagn í iðnnám til að mæta þeirri bráðu mannaflaþörf sem er í greininni.

Útlit er fyrir að jafnvel fleirum verði vísað frá í ár, en til stendur að fækka nemendaígildum við Tækni-



Fjöldi starfsmanna í byggingariðnaðinum hefur enn ekki náð þeim fjölda sem var fyrir efnahagshrunið 2008, en þá voru um átján þúsund manns við störf í greininni.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYÞÓR



Útlit er fyrir að jafnvel fleirum verði vísað frá í ár, en til stendur að fækka nemendaígildum við Tækniskólann um 80 frá fyrra ári.

Ingólfur Bender, aðalhogfræðingur Samtaka iðnaðarins

skólann um 80 frá fyrra ári. Það er ekkert samhengi á milli íbúðaskorts og menntunarmöguleika hér á landi,“ útskýrir Ingólfur og segir þetta vera sorglega staðreynd, en mörg hundruð manns á Íslandi þrái að komast í iðnnám hér á landi á hverju ári en sé vísað á dyr.

Fjöldi starfsmanna í byggingariðnaðinum hefur enn ekki náð þeim fjölda sem var fyrir efnahagshrunið 2008, en þá voru um átján þúsund manns við störf í greininni. Þann fjölda þarf að nálgast aftur til að mæta fólksfjöldaþróun Hagstofunnar að mati Ingólfs.

Til að svo verði þurfa hér eftir að

klárast árlega um 3.500 til 4.000 nýjar íbúðir ári, en til samanburðar verða innan við 3.000 íbúðir byggðar hér á landi í ár og rétt aðeins yfir þeirri tölu á næsta ári.

„Vandinn er líka sá,“ segir Ingólfur „að aukinn mannskap þarf ekki bara í nýsmíði heldur hefur safnast upp mikil viðhaldsþörf í innviðakerfinu á síðustu árum þar sem því hefur alls ekki verið sinnt nægjanlega. Þetta á til dæmis við um vegakerfið. Þar mun spurnin eftir iðnaðarmönnum verða mikil á næstu árum ef stjórnvöld ætla að bæta ástand innviðanna,“ segir Ingólfur Bender. ■

Biðla til löggjafans um reglur eftir að dómstólar blessuðu innviðagjaldið

kristinnhaukur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Samtök iðnaðarins vonast til að Alþingi setji reglur um innviðagjald sveitarfélaga eftir að Hæstiréttur dæmdi þau lögleg á miðvikudag. Verktakinn Sérverk höfðaði málið gegn Reykjavíkurborg vegna gjaldanna sem innheimt voru á uppbyggingarreit í Vogabyggð. Krafan var 120 milljónir króna en borgin hafði betur á öllum dómstigum.

„Dómurinn virðist veita sveitarfélögum ríka heimild til innheimtu gjalda og er í þessu samhengi vísað til markaðsforsendna. Þau geta hagað sér eins og einkaaðilar en þó er skýrt tekið fram að um þau gilda reglur um meðalhóf og jafnræði,“ segir Jóhanna Klara Stefánsdóttir,



Jóhanna Klara Stefánsdóttir, sviðsstjóri mannvirkjasviðs SI

sviðsstjóri mannvirkjasviðs Samtaka iðnaðarins.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri hefur lýst yfir ánægju með niðurstöðuna á samfélagsmiðlum og sagt mikið hafa verið undir. „Því viðhorfi að verktakar ættu að geta hirt allan gróðann af umbreytingu borgarinnar en skilið kostnaðinn við endurnýjun hverfanna eftir hjá

samfélaginu hefur algerlega verið hafnað,“ sagði hann.

„Það er núna í höndum íbúa Voga byggðar að ganga á eftir að þeir fái þá innviði sem gjaldið átti að dekkja, enda er skylda borgarinnar til að standa við sínar skuldbindingar skýr,“ segir Jóhanna. Segir hún það hafa skapað tortryggni að gjaldið sé ekki það sama á öllum uppbyggingarreitum og upphæðirnar mismunandi.

Í síðasta mánuði skilaði starfs hópur Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar tillögum þar sem víkið var að innviðagjaldinu og hugsanlegri lagasetningu. „Þetta undirstríkar að okkar mati þörfina á því að koma þessum málum í betra horf,“ segir Jóhanna. ■



Meira grill og góðgæti

HAGKAUP

Tilboð gilda út 6. júní

30%
feitur



Grill hamborgarinn
2 x 130 g
Verð áður 899

20%
afsláttur

719
kr/pk



Lambaribeye
með hvítlauks-
og piparmarineringu
Verð áður 4.799

20%
afsláttur

3.839
kr/kg

15%
afsláttur



Grísafile
í piparblöndu
Verð áður 2.499

2.124
kr/kg



Stefania Calugi
Ítalskar truffluvörur
fyrir sælkera

Nýtt



30% afsláttur af
öllum Ficacci ólífum

30%
afsláttur



Sweet Baby Ray's
BBQ sósur

verð frá 459
kr/stk



Hlutfjárútboð Nova Klúbbsins hf. hefst í dag

Upphaf áskriftartímabils

Móðurfélag Nova hf., Nova Klúbburinn hf. (áður Platínum Nova hf.) hefur birt lýsingu í kjölfar þess að stjórn félagsins hefur óskað eftir töku hlutabréfa þess til viðskipta á aðalmarkað Nasdaq Iceland hf. Almennt hlutfjárútboð fer fram dagana 3.-10. júní 2022.

Nova hf. er alhliða fjarskiptafyrirtæki sem stofnað var árið 2006 þar sem viðskiptavinir eru fyrst og fremst einstaklingar ásamt litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Að baki samstæðu Nova hf. standa sterkir hluthafar og hefur Nova verið í fararbroddi við að kynna nýjungar á fjarskiptamarkaði hér á landi. Helstu tekjustraumar félagsins tilheyra farsímaþjónustu, netþjónustu og vörusölu og hefur félagið átt ánægðustu viðskiptavinina í farsímaþjónustu samkvæmt Íslensku ánægjuvuginni síðastliðin 13 ár.

Almennt útboð á hlutum í Nova Klúbbnum hf. hefst föstudaginn 3. júní 2022 kl. 10:00 (GMT), þar sem boðnir verða til sölu 1.416.773.033 hlutir, eða sem samsvarar um 37,1% af útgefnu hlutafé félagsins. Heimilt er að stækka útboðið í allt að 1.700.127.639 hluti, eða sem samsvarar um 44,5% af útgefnu hlutafé félagsins. Útboðið nær til útgefinna hlutabréfa í félaginu og skiptist í tvær tilboðsbækur og mun endanleg stærð hvorrar tilboðsbókar taka mið af eftirspurn í útboðinu, bæði hvað varðar verð og magn.

Áskriftarbók A		Áskriftarbók B
Stærð útboðs	495.870.562 hlutir sem samsvara um 13,0% af félaginu.	920.902.471 hlutir sem samsvara um 24,1% af félaginu.
Stækkunarheimild og breytingar á stærð áskriftarbóka	Heimild er til þess að stækka heildarútboðið um 20%, eða í allt að 1.700.127.639 hluti. Seljendur áskilja sér rétt til að breyta grunnstærðum áskriftarbóka A og B, auk þess sem heimilt er að ráðstafa stækkunarheimild að vild á áskriftarbækur A og B.	
Áskriftir	Geta verið að lágmarki 100 þ.kr allt til 20 m.kr að kaupverði.	Geta verið að lágmarki yfir 20 m.kr. að kaupverði, en þó ekki hærrí en stærð útboðs.
Tilboðsverð	5,11 kr. á hlut.	Lágmarksverð 5,11 kr. á hlut.
Úthlutun	Áskriftir í áskriftarbók A kunna að verða skertar hlutfallslega. Leitast verður eftir að skerða ekki áskriftir starfsmanna Nova hf. undir 5.000.000 kr., viðskiptavina félagsins undir 1.000.000 kr. og annarra fjárfesta undir 500.000 kr.	Áskriftir í áskriftarbók B kunna að verða skertar hlutfallslega og/eða hafnað að heild eða hluta samkvæmt ákvörðun seljenda. Úthlutun úr áskriftarbók B grundvallast á verði og tímasetningu áskrifta þar sem horft verður til þess að sala fari fram á föstu verði sem ákvarðast jafnt og lægsta samþykkt verð í úthlutun.

Seljendur í útboðinu eru Nova Acquisition Holding ehf., Nova Acquisition Iceland LLC og Atrium Holding ehf.

Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um félagið og skilmála útboðsins á vefsíðunni www.arionbanki.is/nova-ipo en þar er meðal annars að finna lýsingu félagsins og fjárfestakynningu.

Vakin er athygli á því að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og má kynna sér nánar áhættupætti vegna starfsemi og hlutabréfa Nova Klúbbsins hf. í lýsingu dagsettri 1. júní 2022.

Arion banki hefur umsjón með útboðinu og er einnig söluaðili í útboðinu.

Helstu skilmálar almenna útboðsins:

- Tekið verður við áskriftum á vef Arion banka hf. (www.arionbanki.is/nova-ipo) frá 3. júní 2022 kl. 10:00 (GMT) til 10. júní 2022 kl. 16:00 (GMT).
- Hver áskrift í almenna útboðinu skal vera að lágmarki 100.000 kr. í áskriftarleið A og að lágmarki yfir 20.000.000 kr. í áskriftarleið B.
- Fjárfestar hafa heimild til að bæta við áskrift sína eða fella hana niður á útboðstímabilinu.
- Gert er ráð fyrir að niðurstöður útboðsins verði birtar opinberlega 13. júní 2022.
- Eindagi kaupverðs er áætlaður 16. júní 2022.
- Áætlað er að hin nýju bréf verði tekin til viðskipta og afhent þann 20. júní 2022.
- Aðstoð vegna útboðsins má nálgast hjá verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf Arion banka í síma 444-7000 milli kl. 09:00 og 16:00 dagana 3. júní til 10. júní 2022 og tölvupóstfanginu nova-utbod@arionbanki.is.

Nánari upplýsingar:

Nánari upplýsingar um Nova Klúbbinn hf., hlutabréf félagsins og skilmála útboðsins má finna í lýsingu félagsins sem dagsett er 1. júní 2022 auk fjárfestakynningar sem birt er á www.nova.is/fjarfestar.



Fúkyrðaflaumur



Kolbrún
Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Þjóðmálaumræðan einkennist af æsingi, upphrópunum og fúkyrðaflaumi. Hugsanlega er hluti skýringarinnar á þessum látum öllum sú að nútímataekni gefur nánast hverjum sem er gott tækifæri til að tjá sig. Um leið skapast ákveðinn vandi, því hvernig á fólk að láta taka eftir sér þegar svo að segja allir eru að tjá sig? Það er svo óskaplega auðvelt að týnast í fjöldanum. Í hugum margra er lausnin einföld; það er best að æpa sem hæst og fá þannig athygli. Ef viðkomandi er heppinn ratar hann jafnvel í fréttir á netmiðlum. Þá liður viðkomandi vel. Merkilegt hversu margir eru háðir athyglinni. Stundum er eins og þeim finnist þeir ekki vera til nema eftir þeim sé tekið.

Við sjáum æsingafull upphlaup svo að segja daglega. Þingmenn, sérstaklega stjórnarandstöðunnar, eru sérlega gefnir fyrir þau. Hið sama má segja um ýmsa sjálfskipaða álitsgjafa sem telja af einhverjum ástæðum að alveg sérstök eftirspurn sé eftir skoðunum þeirra. Það er svo sem ekki skrítið að þeir lifi í þeim misskilningi. Fjölmíðlar, sérstaklega netmiðlar, eru iðnir við að þefa uppi fúkyrðaflauminn og skella glaðhlakkalegir í frétt eins og: D segir að ríkisstjórn Íslands sé fasísk – H segir að Sjálfstæðisflokkurinn hafi flóttamenn – I segir að Katrín Jakobsdóttir hafi selt sálu sína.

Allt skynsamlegt fólk sér í gegnum þetta. Það veit vel að ríkisstjórn landsins er ekki fasísk. Forystumenn hennar eru þrautþjálfaðir stjórn-málamenn sem hafa í aðalatriðum staðið sig vel í störfum sínum. Forsætisráðherrann er svo sannur þjóðarsómi.

Skynsamleg þjóðmálaumræða er að kafna í æsingafullum upphrópunum frá fólki sem er fyrirmanað að sýna stillingu. Íslandsbankasalan er dæmi um þetta. Flestir sem þar æptu hæst um spillingu og viðbjóð hafa litla sem enga þekkingu á málinu – og virðast ekki hafa sérstakan áhuga á að kynna sér það. Þeir gáfu sér fyrir fram að málið væri svínari.

Umræða um málefni útlandinga er á svipadán hátt. Þar er kastað fram fullyrðingum um mannvönsku og fyrirlitningu Sjálfstæðisflokksins í garð fólks sem hingað kemur og vill setjast hér að. Um leið eru Vinstri græn stimpluð sem svívirðilega meðvirk. Þetta er ansi einsleit mynd, en því miður virðist lítið rými gefast fyrir hófstíllta og vitræna umræðu um þessi mál.

Yfirveguð þjóðfélagsumræða á ekki upp á pallborðið í samfélagi þar sem æsingur og tilfinningaofsi eru ráðandi. Við erum ekki á góðum stað. ■

■ Halldór



■ Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Veggfóður

Það fer enn þá hrollur um almenning á Íslandi þegar læknar og hjúkrunarfræðingar á Landspítalanum lýsa vinnuumhverfinu við Hringbraut og í Fossvogi, en enn einu sinni er flótti brostinn á á viðkvæmstu deildum spítalans, svo sem á bráðamóttökunni. Læknarnir Tómas Guðbjartsson og Theódór Skúli Sigurðsson spöruðu ekki stóru orðin á Fréttavaktinni á Hringbraut í gærkvöld þegar þeir sögðu að sjúklingar, ekki síst gamlarnir, væru eins og veggfóður uppi um alla veggi deildarinnar á hverjum degi, en þennan vanda spítalans megi einkum rekja til roluháttar stjórnvalda, árum og áratugum saman.

Einkavæðing

Hér er hraustlega tekið til máls en tilefnið er ærið, enda standa landsmenn frammi fyrir þeirri stóru spurningu hvort ein ríkasta þjóð í heimi hafi ekki efni á að manna æðstu heilbrigðisstofnun þjóðarinnar og koma því svo fyrir að aldraðir sjúklingar komist ekki í úrræði eftir aðgerðir á spítalanum og endi þar beinlínis sem strandaglópar. Má vera að hér sé einhver pólitík að baki, hafa menn spurt af minna tilefni, en langvarandi svelt spítalans er ef til vill til þess gert að réttlæta einkavæðingu í greininni. ■

Allir græða á ferðapjónustu



Jóhannes Þór
Skúlason
framkvæmdastjóri
Samtaka ferða-
þjónustunnar

Oft sjáum við ekki nema hluta af myndinni. Þannig er það líka með ferðapjónustuna. Er margir ferðamenn í miðbænum? Er margar rútur á bílastæðinu við Þingvöll? Er hellingur af fólki við Stuðlagil? Fjöldi ferðamannanna, í ýmsu samhengi, er mælieiningin sem við notum oft ósjálfrátt.

En fjöldi ferðamanna, brottfarartölur frá Keflavík eða það hve margir þeirra sitja á fletum fyrir á kaffihúsum í miðbænum þegar okkur langar í bolla, er hvorki mælieiningin sem skiptir okkur máli, né stóra myndin af atvinnugreininni sem þjónustar ferðamenn.

Verðmætin sem ferðamennirnir skilja eftir sig í samfélaginu okkar eru aðalatriðið. Á mörgum stöðum eru það líka þessi verðmæti sem gera það mögulegt að hafa starfandi veitinga- og kaffihús yfir höfuð. Verðmætin gera það þess virði fyrir samfélagið okkar að bjóða þessum góðu gestum heim. Útflutningstekjur af ferðapjónustu voru fyrir faraldurinn orðnar meiri en verðmæti af sjávarútvegi og álframleiðslu samanlagt. Og eftirspurnin í ár sýnir að það er stutt í að það verði þannig aftur.

Árið 2019 nam bein, óbein og afleidd neysla ferðamanna á Íslandi alls um 834 milljörðum króna, eða um 2,3 milljónum króna á hvern íbúa landsins. Og þessi verðmæti hrislast ofan í nær-samfélög fólks um allt land. Beinar og afleiddar skatttekjur sveitarfélaganna af ferðapjónustu sama ár voru 41,6 milljarðar króna, eða um 10,6% af heildarskatttekjum þeirra (án jöfnunarsjóðs).

Nú þegar ferðapjónustan kemst á skrið skulum við muna eftir þessum nýju peningum sem eru að moka inn í samfélagið. Í heildarmyndinni er því mikilvægast að styðja við verðmætasköpun ferðapjónustufyrirtækja, ekki hamla þeim með takmörkunum á fjárfestingu, þyngra og kostnaðarsamara rekstrarumhverfi og meiri sérsköttum. ■

Laugardaga kl. 10.00

Lífið er lag
Hagsmunir eldri borgara

HLAÐVARP

www.hotelbokanir.is/lifid-er-lag-hladvarp og á Spotify

Sigurður K. Kolbeinsson ræðir við ýmsa þekktu og óþekktu Íslendinga um lífið og tilveruna og sagðar eru skemmtilega sögur og frásagnir aftur í tímann sem mörgum kunna að þykja skemmilegar.

Jón Þór Hannesson er næsti gestur hlaðvarpsins.

Að vanta fólk og hata fólk

Í dag



Guðmundur Steingrímsson

Tvær yfirlýsingar gripu athygli mína á dögunum svo ég hef varla getað hætt að hugsa um þær, svo merkilegar þóttu mér þær og þá ekki síst vegna þess að þær tengjast á vissan hátt innbyrðis, þótt þær komi úr hvor úr sinni áttinni. Þær lýsa djúpri mótsögn í hugarþeli þjóðarinnar, svona þegar maður spáir í þær samtímis.

Önnur kom úr reynsluheimi Olenu Jadallah, hagfræðings og fyrrverandi varaborgarstjóra í Írpin í Úkraínu, sem leitað hefur skjóls hér á landi ásamt fjölskyldu sinni út af stríðinu þar í landi. Í merkilegu viðtali hér í blaðinu lýsti hún tilfinningum sínum gagnvart móttökum Útlendingastofnunar og meðhöndlun starfsfólksins á henni og hennar fólki. Jú, vissulega greinir hún frá góðum móttökum margra Íslendinga og gestrisni, en í viðmóti starfsfólks Útlendingastofnunar kvaðst hún þó greina vissan áberandi og umhugsunarverðan þráð, sem hún lýsir svo: „Okkur líður stundum eins og fulltrúar Útlendingastofnunar hafi fólk, og sérstaklega flóttafólk.”

Þetta er hollt fyrir þjóðina að heyra. Glögg er gests augað. Sem Íslendingi finnst mér óhemju-slæmt að vita til þess að svona skuli flóttafólk, sem nýverið hefur gengið í gegnum skelfilegustu reynslu lífs síns og bjargað börnum sínum úr bráðri lífshættu, upplifa móttökur hins opinbera. Við eigum að heita framsýn þjóð og umburðarlynd, friðelskandi, hamingjusöm og kærleiksrík, ekki satt? En svona er þá í pottinn búið. Fulltrúar okkar gagnvart þeim sem þolað hafa hrakningar virðast haldnir mannhatri.

Auðvitað kann að vera að hér sé einungis um upplifun að ræða, sem ekki eigi við rök að styðjast, og eflaust sárnar mörgum góðum starfsmönnum Útlendingastofnunar, en vinur er sá sem til vammis segir og svona dóma ber að taka alvarlega. Naflaskoðunar er þörf.

Það sem mér þykir óþægilegt við þessa hreinskiptnu yfirlýsingu sem borgara er að hún rímar mjög við þær grunsemdir sem ég hef alið með mér í eigin brjósti eftir að hafa fylgst með meðhöndlun Íslendinga á flóttafólki úr fjarska. Tilfinningin er þessi:

Það er eins og undir niðri í samfélaginu urri einhver skratti – svo ég noti viðeigandi klerklegt tungutak – sem unir sér ekki nema hann geti á sem andstyggilegastan hátt vísað fólki í neyð úr landi. Helst á nóttunni.

Það er eins og þessi skratti, þetta afl, þessi tilhneiging, hafi talið það sérstakan ósigur sinn að þurfa að taka á móti sæg af flóttafólki frá Úkraínu og því sett upp hunds-haus. Eitt glas fékk fjölskyldan til að deila, engin rúmföt, engin eldhúsáhöld, engar bleiur fyrir ung-barnið og svo var því stjakað með þjósti upp á Keflavíkurflugvöll svo þar mætti það efla kviðann við áhorf og hlustun herpotna á nokkurra mínútna fresti. Þetta er skítnógugott, segir skrattinn.

Ég veit ekki hvaða kraftur þetta er. Ég þekki engan sem vill losna við flóttafólk með hraði. Ég þekki bara fólk sem fagnar því að við tökum á móti fólki í neyð. Ég þekki engan sem túlkar útlendingalög-gjöfina þannig að hún sé fyrst og

fremst töl fyrir þá sem vilja ekki fólk. Hún er þvert á móti leiðbeining um það hvernig við getum fagmannlega og af mannúð tekið á móti fólki. En alltaf skal hún samt rísa upp úr djúpinu þessi frumstæða kerfislöngun, að vilja henda fólki út. Hvaðan hún kemur er rannsóknarefni í sjálfu sér og greinilega mjög aðkallandi sem slíkt, sérstaklega í ljósi ummæla Olenu Jadallah.

Hin yfirlýsingin kom frá öðrum hagfræðingi, Hannesi G. Sigurðssyni hjá Samtökum atvinnulífsins. Hann sagði efnislega að Íslendingar væru ekki nógu margir til þess að halda uppi lífskjörum og hagvexti. „Þess vegna þurfum við að flytja inn fólk í mjög miklum mæli og sívaxandi mæli,” sagði hann. Við þurfum beinlínis að mati hans að búa til „girnilega pakka“ til að laða að fólk til að vinna hér alls

konar flókin og krefjandi störf.

Er skrattinn að heyra þetta? Eins og Hannes bendir réttilega á ætti þessi staða alls ekki að koma á óvart. Þetta hefur blasað við um langt skeið. Þjóðin er svo fámenn að markaðurinn getur ekki einu sinni haldið uppi einni þokkalegri rokkstjörnu hvað þá meira. Allir vinna mörg störf. Heilbrigðiskerfið og skólakerfið er að sligast út af skorti á starfskrafti. Staðreyndin

æpir úr öllum kimum samfélagsins: Okkur vantar fólk!

Hvernig væri þá að byrja á því að leyfa þeim manneskjum að vera sem hingað eru þó komnar? Hanna kannski handa þeim girnilegri pakka en eitt glas, engin eldhúsáhöld, engin sængurver, nagandi óvissu og kvíða? Kannski bjóða fólkinu almennt frekar öryggi, störf, meiri menntun og bjarta framtíð? ■

Lyfjaval
HEILSA & HAMINGJA

LYFIN Í LÚGUNA
Bílaapótek
OPIÐ alla daga



VESTURLANDSVEGI 9–22
HÆÐASMÁRA 10–23

LYFJAVAL ER Á EFTIRTÖLDUM STÖÐUM:

Bílaapótek Hæðasmára
Bílaapótek Vesturlandsvegi
Glæsibæ
Urðarhvarfi
Mjódd
Apótek Suðurnesja

Renndu við

Bjargvættur Íslands

Í ár eru 250 ár liðin frá vísindaleiðangri Joseph Banks til Íslands. Dálæti hans á landi og þjóð átti eftir að reynast Íslendingum vel.

arnartomas@frettabladid.is

Í tilefni þess að 250 ár eru liðin frá Íslandsleiðangri náttúrufræðingsins Joseph Banks verður opnuð ný sýning í Þjóðarbókhöðunni í dag. Þar verður gerð grein fyrir ævi og störfum Banks sem og för hans til Íslands sem var fyrsti breski vísindaleiðangurinn hér á landi.

Náttúrufræðingur og landkönnuður

„Joseph Banks var forríkur ungur maður sem hafði mikinn áhuga á náttúrufræði og landkönnun,“ segir Anna Agnarsdóttir, prófessor emeritus. „Honum tókst að komast með í fyrsta leiðangur James Cook á árunum 1768-1771, sem fór suður til Nýja-Sjálands, Ástralíu og umhverfis hnöttinn.“

Þátttaka Banks í leiðangrinum jók hróður hans þar sem Banks var hefðarmaður en Cook af fremur lágum stigum. Fyrir vikið var í breskum blöðum á þeim tíma alltaf talað um leiðangur Banks en ekki Cook, þótt í dag sé raunin önnur. Þar sem leiðangurinn var svo vel heppnaður var strax farið að undirbúa annan suður á bóginn til að leita að meginlandinu Terra Australis Incognita sem síðar kom í ljós að var ekki til.

„Banks var þá boðið aftur að vera vísindalegur leiðangursstjóri ef hann borgaði allt sjálfur, sem hann gat og vildi. Hann safnaði þá að sér mörgum vísindamönnum, teiknum og þjónustuliði,“ segir Anna, sem bendir á að Banks hafi viljað hafa allan varann á því að í fyrsta leiðangri Cook höfðu sjö menn á vegum Banks lagt af stað en aðeins þrír komið lifandi til baka. „Þegar hann kom að skipinu sem átti að fara í annan leiðangur Cook leist Banks ekkert á aðstæðurnar um borð og hætti við.“

Íslandsförin slembilukka

Banks þurfti þó að nýta mannskap-

inn sem hann hafði ráðið til árs.

„Hann kikti á landakortið og Ísland blasti við, sem hann taldi lítt rannsakað af „almennilegum náttúrufræðingum“,“ segir Anna. „Það var eiginlega algjör tilviljun að hann fór til Íslands – bara vegna þess að hann fór í fýlu yfir vistarverunum um borð í leiðangri Cook.“ Hann var mest spennitur fyrir Heklu og eitt aðalmarkmið Banks var að ganga á hana.

Leiðangur Banks til Íslands var fyrsti breski vísindaleiðangurinn til Íslands en Frakkar höfðu komið hingað stuttu áður. Á Íslandi komst Banks í kynni við marga Íslendinga, m.a. Ólaf Stephensen, þá amtmann, og héldu þeir í kjölfarið áfram að skrifast á og senda hvor öðrum gjafir.

Viðskipti á stríðstímum

„Síðan leið og beið þar til Napóleónsstyrjaldirnir skulu á þar sem Danir gengu í lið með Frökkum og urðu þar með óvinir Breta,“ segir Anna. „Breski flotinn sigldi um Norður-Atlantshafið og hertók helming skipa danskra kaupmanna sem versluðu við Ísland og flutti þau til hafna í Englandi.“

Svo vildi til að Magnús Stephensen, dómstjóri og fremstur Íslendinga á sinni tíð, var með í einu skipinu og skildi strax að það þyrfti að leita á náðir Breta þar sem Danir gætu ekki aðstoðað Íslendinga.

„Magnús mundi eftir því að þegar hann var tíu ára gamall hafði þessi Breti, Joseph Banks, komið til Íslands og snætt hjá föður sínum Ólafi,“ segir Anna. „Þetta væri eini Bretinn sem hann þekkti og hann ákvað að skrifa honum bréf. Þetta voru auðvitað landráð því Danir voru í stríði við Breta og stranglega bannað að eiga samskipti við óvininn.“

Bjargvættur Íslendinga

Magnús biðlaði þannig til Banks um að leysa skipin úr haldi þar sem hungursneyð myndi vofa yfir Íslandi ef engin skip hlaðin nauðsynjum kæmust til landsins.

„Banks stökk til að hjálpa Íslendingum og setti allt í gang,“ útskýrir Anna, sem segir Banks hafa verið



Myndir John Cleveley yngri úr leiðangrinum eru lýsandi fyrir tíðarandann á Íslandi. Hér getur að líta innanstokks í dönsku verslunarhúsi í Hafnarfirði.



Þegar Bretarnir komu að Heklu fannst þeim iskalt og erfitt að klífa fjallið.



Skálholt var helsti staður Íslands á þessum tíma og má ætla að húsakostur hafi komið Banks og félögum á óvart.



Joseph Banks ákvað að fara til Íslands þegar honum leist ekki á vistarverur í öðrum leiðangri kaþeins Cook.

valdamikinn í Bretlandi. „Hann sat í trúnaðarráði konungs, var forseti breska vísindafélagsins og þekkti flesta málsmetandi menn.“

Georg III Bretlandskonungur lýsti því í kjölfarið yfir, að beiðni Banks, að Íslendingar væru nú hlutlausir í stríðinu við Bretland, frjáls verslun væri nú leyfileg milli landanna og Íslendingar flokkuðust sem „útlendir vinir“ Breta.

„Þar með var Íslandi bjargað frá 1810-1814 og skipin sigldu og allt gekk tiltölulega vel, þó auðvitað ekki jafnsmurt og á friðartímum. Þess vegna kalla ég Banks bjargvætt og verndara Íslendinga,“ útskýrir Anna.

Tíðarandinn fangaður

En hvernig kom þessi sýning sem opnar nú á föstudaginn til?

„Árið 2018 var haft samband við mig af British Library í Bretlandi sem voru að fara að halda stóra sýningu út af fyrsta leiðangri Cook. Þau spurðu hvort við vildum ekki vera

með og ég benti á að fyrir okkur skipti ef til vill meira máli tengingin við Íslandsleiðangur Banks og þau 250 ár sem yrðu liðin frá honum nokkrum árum seinna, það er að segja nú í ár,“ segir Anna.

A sýningu British Library var samt heill veggur tileinkaður Íslandsleiðangri Banks með myndefni frá ferðalaginu. Við verðum síðan með sameiginlegan Banks-viðburð í haust.

„Einn aðalafraksturinn fyrir okkur Íslendinga frá ferð Banks eru þessar frábæru teikningar af íslenskri náttúru og ekki síður forfæðum okkar,“ segir Anna. „Teiknararnir í ferðinni gerðu skissur sem unnið var úr þegar heim var komið til Englands. Myndirnar eru varðveittar í British Library en ráðamenn þar voru svo höfðinglegir að láta okkur myndirnar allar í té og veittu okkur leyfi til að sýna þær.“

Sýningin verður opnuð í Þjóðarbókhöðunni klukkan 15 í dag. ■

Þetta gerðist 3. júní 1844

Síðustu geirfuglarnir veiddir í Eldey

Geirfuglinn var lengi algengur á Norður-Atlantshafi, meðal annars við strendur Íslands. Snemma á 19. öld fór að halla mjög á stofninn sökum ofveiði en fuglinn var bæði stór og kjötmikill en einnig auðveldur til veiði enda ófleygur. Auk þess að vera veiddur til matar voru fjaðrir hans notaðar í gerð fatnaðar.

Þegar geirfuglinum tók að fækka til muna fóru erlend söfn að greiða háar upphæðir fyrir fuglinn. Kaupmaðurinn Carl Franz Siemsen byrjaði að versla í Reykjavík um 1840. Honum var síðar falið að ná í geirfugla fyrir erlent safn og fékk hann bændur í Höfnum til að ná í geirfugl, lifandi eða dauðan. Þeir sigldu til Eldeyjar þar sem þeir fundu tvo fugla á klettasyllu og sneru þá úr hálsliðnum. Það voru síðustu lifandi geirfuglar sem sést hafa.

Í dag eru um 80 uppstoppaðir geirfuglar til á söfnum víða um heim. Einn þeirra er að finna á Náttúrufræðistofnun Íslands. Árið 2010 var sett upp stytta af geirfuglinum eftir bandaríska listamanninn Todd McGrain sem horfir frá Valahnúki að Eldey. ■



Um 80 geirfuglar eru til á söfnum víða um heim í dag.

MYND/ADSEND



Ástkær faðir okkar,
Einar Baxter

lést þann 31. maí. Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Fyrir hönd aðstandenda,

Bára Einarsdóttir
Grettir Einarsson
Jóna Einarsdóttir

Guðmundur S. Pétursson
Ásdís Clausen
Sigfús Pétursson



Ástkær pabbi,
tengdapabbi og afi okkar,
Guðmundur Brynjólfsson

flugvirki,
Garðatorgi 7,
lést á Landspítalanum
í Fossvogi aðfaranótt 25. maí.
Útför fer fram í Víðalínskirkju
föstudaginn 3. júní kl. 13.00.

Hjalti Guðmundsson
Brynhildur Guðmundsdóttir
barnabörn.

Sigrún Yr Svansdóttir
Órlygur Auðunsson


Fjölskylduhátíð
10.–12. júní
í Grindavík

SJÓARINN
SÍKÁTI



SJÓARINN
SÍKÁTI

Fjölbreytt dagskrá fyrir alla
fjölskylduna í Grindavík 10.–12. júní.



Sjóarinn síkátí hefur farið fram árlega frá árinu 1996 fyrir utan heimsfaraldursárin tvö. Því er gríðarleg tilhlökkun í bæjarbúum að geta loks farið af stað með hátíðarhöldin í ár. Metnaðarfull dagskrá er alla helgina á hátíðarsviðinu niðri við höfn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÞRÁINN KOLBEINSSON

Sjóarinn síkátí í lukkulegasta bæ landsins

Það hefur löngum verið sagt um Grindvíkinga að þegar þeir taka sér eitthvað fyrir hendur þá geri þeir það almennilega og fari alla leið. Sjómannadagshátíðin Sjóarinn síkátí, sem fer fram helgina 10.–12. júní, er þar engin undantekning. **2**

Að sögn Eggerts Jónssonar, sviðsstjóra frístunda- og menn-ingarsviðs Grindavíkurbæjar, er sjómannadagurinn stærsta hátíðin í sjávarþorpi eins og Grindavík er. „Saga sjómannadagsins í Grinda-vík er ansi merkileg enda hefur dagurinn verið haldinn hátíð-legur allt frá árinu 1948. Upphaf sjómannadagsins í Grindavík má rekja til þess að Slysavarna-deildin Þorbjörn og Íþróttafélag Grindavíkur ákváðu að halda daginn hátíðlegan í samstarfi við sjómenn,“ segir Eggert og bætir við: „Þó svo atvinnulífið í bænum hafi tekið miklum breytingum á síðustu áratugum er fólkið hér og menningin enn nátengd hafinu og öllu sem því tilheyrir. Sjóman-na-daginn ber í ár upp á sunnudaginn 12. júní, það er annan sunnudag í júní líkt og er íðulega þegar hvíta-sunnudagur er fyrsta sunnudag í júnímánuði.“

Metnaðarfull dagskrá

Að sögn Eggerts hefur hátíðin Sjóarinn síkátí farið fram árlega allt frá árinu 1996. „Fyrir utan heimsfaraldursárin tvö. Það er því gríðarlega mikil tilhlökkun í bæjarbúum að geta loks farið af stað með hátíðarhöldin í ár.“

Metnaðarfull dagskrá er alla helgina á hátíðarsviðinu niðri við höfn. „Dagskráin hefst með pomp og prakt á föstudeginum, með bryggjusöng á hátíðarsviðinu undir stjórn Pálmars Arnar Guð-mundssonar. Emmsjé Gauti tekur svo við og flytur öll sín vinsælustu lög. Í kjölfarið stígur hljómsveitin Stuðlabandið á svið og slær upp alvöru bryggjuballi fyrir alla fjöl-skylduna.

Á laugardeginum verður ýmis-legt skemmtilegt í boði fyrir börnin. Um miðjan daginn verður boðið upp á andlitsmálun. Einnig er tívolí á hafnarsvæðinu þar sem fritt verður í flestöll tækin. Að auki þeysist sjópylsa um Grindavíkur-höfn með börn og aðra ofurhuga. Þar verður einnig fyrrverandi varðskipið Óðinn til sýnis fyrir gesti og gangandi. Sett verður upp froðurennibraut í brekkunni ofan við slökkvistöðina fyrir unglinga á öllum aldri og margt fleira.

Klukkan 13.30 hefst skemmti-dagskrá á hátíðarsviðinu. Ronja Ræningjadóttir stígur á svið sem og Jón Arnór og Baldur. Einnig fáum við Latabæjarbúa í heim-sókn. Dansköpaní sýnir listir sínar og BMX brós slá svo botninn í barnadagskrána,“ segir Eggert.

Sjómannadagurinn

Sunnudagurinn, sem er hinn eigin-legi sjómannadagur, er svo öllu hátíðlegri en dagarnir á undan, heldur Eggert áfram. „Þá eru haldnar hátíðarræður og sjómenn heiðraðir. Gengið er frá kirkjunni niður að minnisvarðanum um sjómenn sem hafa drukknað við störf og kvennakórinn syngur að vanda. Þetta er afar hátíðleg stund sem gaman er fyrir bæjarbúa sem og gesti að upplifa.“

Sjómannaprautirnar eru svo önnur hefð sem hefur myndast í kringum hátíðina, en um er að ræða ýmsar prautir sem tengjast hafinu. „Þar er koddaslagurinn líklega sú alvinsælasta. Þar ganga menn og konur plankann, berjast hetjulega í koddabardaga þar til annar áskorandinn dettur í sjóinn. Það er hápunkturinn fyrir mörgum að fylgjast með koddas-lagnum. Svo það er um að gera fyrir þau sem hafa áhuga á að sýna færni sína í plankagöngu og koddaslagsmálum, að drífa sig til Grindavíkur á sunnudeginum og taka þátt. Ískaldur sjórinn er líka besta leiðin til þess að jafna sig eftir alvöru sjómannaball sem fer



Eggert Jónsson er sviðsstjóri frístunda- og menningarsviðs Grinda-víkurbæjar.

fram í íþróttahúsinu með Audda og Sveppa, Jóni Jónssyni, ClubDub og BB Brothers á laugardagskvöldinu,“ segir Eggert.

Hátíðin seytlar um allan bæ

Fyrir utan opinberu hátíðardag-skrána á hátíðarsviðinu er að sögn Eggerts ýmislegt um að vera á viðburða- og veitingastöðum sem og öldurhúsum bæjarins. „Það má segja að það verði ein allsherjar tónlistarhátíð í bænum um sjó-mannadagshelgina. Þar má meðal annars nefna að Guðrún Árný Karlsdóttir og trommarinn Egill Örn Rafnsson taka öll vinsælu lögin á Sjómannastofunni Vör að loknu bryggjuballinu á föstudeg-inum.

Sama kvöld halda Paparnir ball á veitingahúsinu Bryggiunni og Nýju fötin keisarans halda uppi stuðinu í nýja salnum á Fish House.“ Alla hátíðardagskrána, sem og aðra dag-skrá á viðburðastöðum bæjarins, má nálgast á vefsíðu hátíðarinnar: sjoarinnssikati.is.

Sjóarinn síkátí er ein allsherjar bæjarhátíð og taka íbúar sig til á ári hverju og skreyta allt hátt og lágt með lit þess hverfis sem þeir búa í. „Það má með sanni segja að íbúar fari alla leið í skreytingum og síðustu ár hefur mikill metnaður verið lagður í þær. Menn hafa jafn-vel gefið út myndbönd og samið lög í tilefni hátíðarhaldanna, svo það verður sannkölluð sjómannadags-stemning alla þessa helgi.“

Einstakt einkasafn opið

„Þess má geta að opið verður í einkasafni Hermanns Ólasonar, útgerðarmanns í Stakkavík. Her-mann hefur safnað dráttarvélum og fornþílu síðan um aldamótin 2000 og á orðið dagott safn af merkilegum og einstökum gripum, Hátt í fimmtíu traktora auk fjölda fornþíla. Meðal annars á hann eina eintakið í heiminum af Chevrolet Buick, árgerð 1929. Einnig á hann Austin Big Seven bifreið með stýrið vinstra megin, en aðeins þrír þann-ig bílar eru til í heiminum. Audrey Hepburn var meðal annars kvik-mynduð í slíkum bíl.“

Komdu í heimsókn

„Sjóarinn síkátí hefur verið fjöl-menn hátíð síðustu skipti og við búumst við að hér komi stór og góður hópur gesta eins og hefur verið alltaf þegar vel viðrar, enda stendur Grindavík á fallegu bæjar-stæði. Dagskráin er metnaðarfull og dregur það enn fleiri góða gesti alls staðar að af landinu. Íbúar Grindavíkur hafa verið að mælast í könnunum sem hamingjusömmustu íbúar Íslands og því er um að gera að sækja okkur heim og skemmta sér með hamingjusamasta fólki landsins,“ segir Eggert.

Með hverju ári til viðbótar sem Sjóarinn síkátí fer fram í Grinda-vík slípast áherslur hátíðarinnar. „Við leggjum nú mikla áherslu á að það eigi allir að geta skemmt sér á Sjóaranum síkátá í Grindavík og því reynum við til dæmis að



Ískaldur sjórinn er að sögn Eggerts besta leiðin til þess að jafna sig eftir alvöru sjómannaball.



Það er eitthvað skemmtilegt um að vera alla dagana frá morgni og langt fram á kvöld.



hafa fritt í sem flest leiktæki. Það er eitt af því sem kom skýrt fram í viðhorfskönnun sem lögð var fyrir bæjarbúa árið 2019 eftir síðustu hátíð. Það á enginn að þurfa að leggja út öyfirstiganlegan kostnað til að geta skemmt sér og börn-unum sínum á Sjóaranum. Við

vinnum að því að uppfylla kröfur bæjarbúa um hátíðina í ár og eins á komandi árum.

Tjaldstæðið í Grindavík er mjög gott og hefur jafnan verið vel nýtt yfir hátíðina sem og aðrar helgar. Einnig er hér fjöldi gististaða. Svo er líka stutt að skreppa hingað af

Sjóarinn síkátí er hátíð fyrir alla fjölskylduna og verður margt skemmtilegt um að vera alla helgina fyrir börn og full-orðna á öllum aldri.



Á laugardeginum stígur Latabæjarhópurinn á hátíðar-sviðið og skemmtir gestum Sjóarans síkátá.



Sjómannaprautirnar eru nokkrar og hér þreytir ungur ofurhugi eina þeirra.

Á sunnudeg-inum er svo sjó-mannadagurinn og þá er hátíðleg dagskrá þar sem sjómenn eru heiðraðir. FRÉTTA
BLAÐIÐ /ÞRÁINN
KOLBEINSSON

höfuðborgarsvæðinu fyrir þau sem búa þar,“ segir Eggert að lokum. ■

Alla hátíðardagskrána sem og aðra dagskrá á viðburðastöðum bæjarins má nálgast á vefsíðu há-tíðarinnar, sjoarinnssikati.is.

KVIKMYNDIR

mánaðarins



JURASSIC WORLD
DOMINION



Úrslitastund og mögnuð sögulok

Fjórum árum eftir geryðingu Isla Nublar lifa risaeðlur frjálsar og veiða sér til matar við hlið manna um alla veröldina.

Jafnvægið er brothætt og ljóst að úrslit munu ráðast um það hvort maðurinn haldi sínu hlutverki sem aðalrándýr veraldar á plánetu sem hann deilir nú með ógnvænlegustu skepnum veraldarsögunnar.

Hér birtast risaeðlur sem aldrei hafa sést áður, spennan er áþreifanleg og beitt er tækni sem tekur fram öllu sem áður hefur sést.

Steingervingafræðin hefur aldrei orðið söm eftir að mynd Stevens Spielberg, Jurassic Park, var frumsýnd árið 1993.

Aldrei fyrr höfðu risaeðlur „af holdi og blóði“ birst mönnum. Myndin vakti gríðarlega athygli og vakti áhuga almennings á þessum löngu horfnu skepnum. Þetta hafði áhrif á vísindastarf í háskólum og framboð á námskeiðum í greininni.

Við lifum nú gullöld steingervingafræðinnar og varla líður sú vika að ekki finnist einhvers staðar í heiminum nýjar og áður óþekktar tegundir af risaeðlum. Segja má að steingervingafræðingar samtímans séu af Jurassic Park kynslóðinni.

Jurassic Park og Jurassic World myndirnar eru byggðar á persónum sem metsöluhöfundurinn Michael Crichton skapaði. Varla er til sá kvikmyndaunnandi sem ekki hefur orðið skelfingur lostinn, fallið í stafi og fyllst lotningu við að horfa á sköpunarverk Crichtons og Spielbergs á hvíta tjaldinu síðustu þrjá áratugina.

Í Jurassic World Dominion birtast okkur endalok sögunnar sem hófst fyrir tæpum 30 árum. Myndin er ólík öðrum myndum í myndaflokknum.

Colin Trevorrow hefur í raun verið gæslumaður og hugmynda-smiður Jurassic-veraldarinnar í gegnum þrjár síðustu myndirnar.

„Allt breyttist þegar risaeðlurnar voru teknar af eyjunni sem þær höfðu verið einangraðar á og sleppt út í veröldina,“ segir Trevorrow. „Þetta var stórkostlegt

Fróðleikur

- Sumar senurnar í þessari mynd áttu upphaflega að vera í Jurassic World: Fallen Kingdom en voru teknar út úr handriti þeirrar myndar til að spara þær fyrir þessa.
- Chris Pratt þurfti að svelta sig fyrir hlutverkið og sagði: „Ég er orðinn fertugur núna og ef ég fæ mér svo mikið sem karamellu þyngist ég um tíu kíló.“
- Nær allar persónur í myndinni hafa birst áður í Jurassic Park og Jurassic World myndaflokkunum.



tækifæri að geta rannsakað afleiðingarnar af því. Jurassic World Dominion fjallar um mikilvægi þess að virða afl náttúrunnar – ef okkur bregst bogalistin deyjum við út, rétt eins og risaeðlurnar.“

Hann segir að í þessari mynd sé ekki aðeins verið að ljúka sögunni sem hófst 2015 í Jurassic World, heldur sé verið að ljúka sögunni sem hófst 1993 með Jurassic Park. „Þetta er saga sem kallar á að allar persónurnar frá byrjun séu með.

Í fyrsta sinn gerist Jurassic-mynd ekki á Isla Nublar heldur algerlega í okkar heimi. Þetta er líka í fyrsta sinn sem persónur úr báðum hlutum sögunnar eru saman á hvíta tjaldinu. Laura Dern, sem leikur dr. Ellie Sattler, Jeff Goldblum, sem leikur dr. Ian Malcolm, og Sam Neill sem dr. Alan Grant úr Jurassic Park og Chris Pratt sem Owen Grady og Bryce Dallas Howard sem Claire Dearing úr Jurassic World eru öll saman-

Frumsýnd
8. júní 2022

Aðalhlutverk:

Chris Pratt, Bryce Dallas Howard, Laura Dern, Sam Neill, Jeff Goldblum, DeWanda Wise, Campbell Scott og BD Wong

Handrit:

Emily Carmichael, Colin Trevorrow og Derek Connolly

Leikstjórn:

Colin Trevorrow



» Við lifum nú gullöld steingervingafræðinnar og varla líður sú vika að ekki finnist einhvers staðar í heiminum nýjar og áður óþekktar tegundir af risaeðlum. Segja má að steingervingafræðingar samtímans séu af Jurassic Park kynslóðinni.

komin þarna, Við bætast fleiri sem sum hafa leikið í báðum hlutum myndaflokksins.

Mögnuð mynd sem svíkur ekki aðdáendur Jurassic-myndanna. ■

Laugarásbíó, Smárabíó, Háskólabíó, Sambíóin Álfabakka, Sambíóin Egilshöll, Sambíóin Kringlunni og Sambíóin Akureyri, Sambíóin Keflavík og Selfossbíó.



Popp & Coke

HAMINGJUSAMT HJÓNABAND Í ÖLL ÞESSI ÁR



Kóngurinn frá sjónarhóli ofurstans

Elvis fjallar um, ja, vitanlega engan annan en Elvis Presley. En nálgunin er ný og kafað er ofan í líf hans og tónlist á annan hátt en áður.

Útgangspunktur myndarinnar er margslungið samband Elvis við hinn dularfulla Tom Parker ofursta, sem var umboðsmaður hans í meira en 20 ár. Tom Hanks leikur Parker og er vart þekkjanlegur í myndinni. Parker var þéttur á velli og því þurfti að „fita“ Hanks upp í hlutverkið. Föruðunar-deildinni virðist hafa tekist vel upp.

Undarlegt samband Elvis og Parkers hefur verið ráðgáta fram á þennan dag. Raunar er Tom Parker mikil ráðgáta. Hann sagðist vera fæddur í Huntingdon í Vestur-Virginíu en síðar kom í ljós að það var ekki rétt. Hann var fæddur í Hollandi en ekki Bandaríkjunum og fortíð hans var dularfull, jafnvel skuggaleg.

Parker varð umboðsmaður þekktra tónlistarmanna, aðallega sveitasöngvara, áður en hann uppgötvaði Elvis Presley 1955.

Priscilla Presley, leikin af Olivíu DeJonge, kemur mikið við sögu í myndinni.

Foreldrar Elvis, Gladys og Vernon Presley, koma fyrir en samband Elvis við móður sína var náð og mjög sérstakt. Má meðal annars geta þess að fyrsta lagið sem Elvis tók upp, „My Happiness“, var sérstaklega tekið upp fyrir hana. Elvis gekk inn í hljóðver Sun Records í Memphis 18. júlí 1953 og borgaði fjóra dollara fyrir upptöku á tveimur lögum. Hitt lagið var „That’s When Your Heartaches Begin“ og út gekk pilturinn með tveggja laga 78 snúninga plötu.

Parker ofursti er sögumaður



Fróðleikur

- Tom Hanks lék Elvis-eftirhermu í Elvis Has Left the Building (2004).
- Samkvæmt Billboard vildi Priscilla Presley að Lana Del Rey léki hana í myndinni. Þrátt fyrir það var ástralska leikkonan Olivía DeJonge fengin í hlutverkið.
- Baz Luhrmann, leikstjóri myndarinnar, leikstýrði líka Moulin Rouge (2001).
- Meðan á tókum myndarinnar í Ástralíu stóð í mars 2020 greindust bæði Tom Hanks og Rita Wilson, eiginkona hans, með Covid.

myndarinnar og atburðarásin er séð með hans augum.

Í bakgrunninn er bandarísk menning sem gengur í gegnum stökkbreytingu upp úr miðri síðustu öld, ákveðið sakleysi er að glatast. Við sjáum Elvis og Priscillu takast á við þessar breytingar saman og í sundur.

Myndinni hefur verið gríðarlega vel tekið og engum ætti að leiðast, hvernig væri það hægt þegar kóngurinn sjálfur sér um tónlistina? ■


Frumskýnd
22. júní 2022

Aðalhlutverk:
Tom Hanks, Austin Butler, Olivía DeJonge, Steve Binder, David Wenham, Luke Bracey, Richard Roxburgh og Helen Thomson

Handrit:
Baz Luhrmann, Sam Bromell og Craig Pearce

Leikstjórn:
Baz Luhrmann

12



Bósi ljósár lendir í kröppum dansi

Ljósár er saga Bósa ljósárs, hetjunnar sem varð fyrirmynd leikfangabrúðunnar vinsælu.

Myndin Ljósár fylgir hinni goðsagnakenndu geimlöggu eftir að hann lendir bjargarlaus á fjandsamlegri plánetu 4,2 milljón ljósárum frá jörðu, ásamt Izzy Hawthorne, næstráðanda sínum, og áhöfn þeirra sem telur meira en þúsund vísinda- og tækni-manneskjur. Þau eru á heimleið úr miklum leiðangri.

Áhugasamir nýliðar slást í hópinn er Bósi og félagar reyna að finna leið heim í gegnum tíma og rúm. Vélkötturinn töfrandi, Sox, lætur sig ekki vanta. Málin fara að flækjast þegar hinn undarlegi og miskunnarlaus Zug birtist ásamt harðsvíruðum her vélmenna. Zug hefur eitthvað dularfullt í hyggju.

Tilraun þeirra til að forða sér hratt mistekst hræðilega og endar með því að þau hrapa og orkugjafi þeirra eyðileggst. Nú eru góð ráð dýr.

Bósi ljósár hefur notið mikillar velgengni um langt skeið en nú mætir hann mótlæti sem hann hefur ekki kynnst fyrr. Áhöfnin sér fram á langa dvöl á fjand-samlegri plánetu. Enginn er að fara neitt fyrr en vísindamenn-irnir geta skapað nýja ofurhraða-kristalla sem standast reynsluflug. Fram undan er margra ára ferli tilrauna og mistaka.

Bósi kennir sjálfum sér um. Hann getur ekki á sér heilum tekið yfir að hafa gert afdrifarík mistök og verður gagntekinn af því að bæta fyrir þau.

Sagan gerist í ævintýraheimi



Fróðleikur

- Þessi saga er ekki um aksjónkallinn Bósa ljósár úr Toy Story heldur „kvikmyndina“ sem gerist í þeirri veröld sem skóp leikfangið.
- Þokuatriðið úr skóginum er vísun í Star Wars myndirnar.
- Chris Evans, sem ljáir Bósa rödd sína í ensku útgáfunni, á afmæli sama dag og Tim Allen sem var rödd Bósa ljósárs í upphaflegu Toy Story myndinni. Báðir eru fæddir 13. júní; Evans 1981 og Allen 1953.

úti í geimnum en er í raun um eitthvað sem allir lenda í ein-hvern tímann. Við tókum slæmar ákvarðanir en ef við eyðum ævinni í að sjá eftir þeim í stað þess að horfa fram á við, erum við þá að lifa lífinu?

Lífið tekur oft óvænta stefnu. Mikilvægt er að festast ekki í for-tíðinni og óska þess að hlutirnir séu öðruvísi – slíkt er tímaeyðsla. Bósi verður heltekinn af því að bæta fyrir mistök sín á meðan Izzy ákveður að gera gott úr því sem er. Hún vill nota tímann vel, jafnvel þótt hún sé á vondri plánetu. ■

Frumskýnd
17. júní 2022

Aðalhlutverk:
Hjörtur Jóhann Jónsson, Aldís Amah Hamilton, Ahd Tamimi, Guðjón Davíð Karlsson, Lís Pálsdóttir, Harald G. Haralds, Katrín Halldóra Sigurðardóttir og Þórunn Lárusdóttir

Handrit:
Jason Headley og Angus MacLane, byggt á persónum eftir John Lasseter

Íslensk leikstjórn:
Rósa Guðný Þórsdóttir

L



NÓA

NÓA

BÍÓ

KROPP

NÓA

BÍÓ

KROPP

BUTTER & SALT

SUMAR
KROPP
2022

TAKMARKAÐ
MAGN

200 g

KÓSÝ KVÖLD OG BÍÓ KROPP?

Fáið ykkur sæti og látið fara vel um ykkur. Sumarkroppið 2022 er komið! Bíó Kropp með butter & salt bragði er alveg geggað. Fullkomið fyrir kósý bíókvöld í góðum félagsskap.



Kakóhræfnin í Síríus súkkulaðið
þitt eru ræktuð á ábyrgan hátt



NÓI SÍRÍUS

Síminn er dauður – samt hringir hann

Finney er feiminn en klár 13 ára strákur. Hann er numinn á brott af morðingja, sem haldinn er kvala-losta, og lokaður í hljóðeinangr-uðum kjallara þar sem öskur gera ekkert gagn.

Skyndilega byrjar sími á veggnum að hringja. Síminn er hins vegar ekki í sambandi!

Finney kemst að því að hann getur heyrt raddir fyrri fórnar-lamba morðingjans. Og þau eru staðráðin í að forða Finney undan örlögunum sem þau mættu.

Black Phone er hrollvekja af betri gerðinni.

Árið 2012 gerðu leikstjórinn Scott Derrickson og handritshöf-undurinn C. Robert Cargill, ásamt framleiðandanum Jason Blum og Ethan Hawke myndina Sinister, sem margir telja hryllilegustu hrollvekiu 21. aldarinnar fram til þessa.

Fjórmenningarnir vildu ólmir vinna aftur saman og þegar Der-rickson fór að leita að heppilegu verkefni mundi hann eftir smásögu eftir Joe Hill, „The Black Phone“.

Joe Hill er raunar sonur Stephen King, sem er konungur hryllings-bókmenntanna, og The Black Phone birtist í smásagnasafni hans, 20th Century Ghosts, sem kom út 2005 og seldist í bilförmum.

„Ég rakst á bókina í bókabúð þegar hún var nýkomin út. Ég vissi ekki hver Joe Hill var, hvað þá að hann væri sonur Stephen King. Þarna stóð ég í búðinni og las þessa stuttu smásögu og hugsaði með mér: „Vá, þetta er magnaður höf-undur.“ Ég gleymdi henni aldrei og fyrir svona einu og hálfu ári var rétti tíminn til að láta til skarar skriða.“

Eins og í smásögunni fjallar



Fróðleikur

■ Scott Derrickson tók að sér leikstjórn þessarar myndar eftir að hann hætti á Doctor Strange in the Multiverse of Madness (2022) vegna listræns ágreinings.

■ Í myndinni er The Grabber með mismunandi hrollvekjandi grimur sem afhjúpa ólíka andlitshluta persónunnar sem Ethan Hawke leikur.

■ Black Phone er með 100 prósent hjá Rotten Tomatoes.

myndin um Finney sem lendir í klónum á raðmorðingja sem er þekktur sem The Grabber.

Hugmyndin að símanum í kjallaranum kviknaði í barnæsku Hill, sem ólst upp í gömlu húsi. Í kjallaranum var gamall sambands-laus sími sem honum fannst hroll-vekjandi. Martraðir barnæsku Hill eru komnar á hvíta tjaldið. ■

Laugarásbíó, Háskólabíó, Smára-bíó, Sambíóin Álfabakka, Sam-bíóin Akureyri, Sambíóin Keflavík og Selfossbíó

Frumsýnd:
22. júní 2022

Aðalhlutverk:
Ethan Hawke, Jeremy Davies, James Ransone, Mason Thames, Madeleine McGraw og Banks Repeta

Handrit:
Scott Derrickson, C. Robert Cargill – byggt á smásögu Joe Hill

Leikstjórn:
Scott Derrickson

16



Stanslaust fjör, spenna og gaman

Löngu áður en hann verður meistari hins illa er Gru bara 12 ára strákur sem skipuleggur heims-yfirráð úr kjallaranum í úthverfinu sem hann býr í á áttunda áratug síðustu aldar.

Ekki gengur það neitt sér-staklega vel. Þegar Gru kynnist Skósveinunum, þar á meðal Kevin, Stuart, Bob og Otto, fara hlutirnir að gerast. Saman koma þeir sér upp sínu fyrsta fylgsni, hanna fyrstu vopnin og keppast við að framkvæma sína fyrstu leiðangra.

Þegar alræmdur hópur ofur-skálka, Vægðarlausu 6, rekur leiðtoga sinn – hinn þjóðsagna-kennda sjálfsvarnarmeistara, Wild Knuckles – sækir Gru, þeirra mesti aðdáandi, um að komast í hópinn.

Ekki hrifast Vægðarlausu 6 af þessum smávaxna upprennandi skálki en Gru leikur á þá alla og þeir verða alveg brjálaðir út í hann. Allt í einu er hann orðinn svarinn óvinur hins illa.

Nú, þegar Gru er á flótta, reyna Skósveinarnir að tileinka sér kúng fú til að bjarga honum og Gru kemst að því að jafnvel óþokkar þurfa smá hjálp frá vinum sínum.

Dr. Nefario er brjálaður vísinda-maður sem Bragi Þór Hinriksson leikur. Master Chow, sem Jóhanna Vigdís Arnardóttir leikur, er nálastungumeistari og æðislega góð í kúng fú og Gru er leikinn af Eyþóri Inga Gunnlaugssyni og mömmu hans, sem er óskaplega upptekin af sjálfri sér, leikur Erla Ruth Harðardóttir.

Þetta er tilvalin mynd fyrir alla fjölskylduna. Myndin er með íslensku tali og leikararnir sem ljá raddir sínar eru ekki af verri toganum. ■



Fróðleikur

■ Þegar Gru kemur inn í biðstofuna er einn skálkanna að lesa Mad-timaritið. Forsíðan er plakati með hamingjuóskum til Richard Nixon með sigur í forsetakosningunum. Forsíðurnar voru raunar tvær. Önnur á forsiðunni en hin á baksíðunni með hamingju-óskum til John F. Kennedy.

■ Samkvæmt þessu gerist myndin 1961. En í myndinni kemur líka fyrir pet rock (gælusteinn) sem kom ekki fram fyrr en 1975.

» Nú, þegar Gru er á flótta, reyna Skó-sveinarnir að tileinka sér kúng fú til að bjarga honum og Gru kemst að því að jafnvel óþokkar þurfa smá hjálp frá vinum sínum.

Laugarásbíó, Smárabíó, Háskóla-bíó, Sambíóin Álfabakka, Sambíó-in Egilshöll, Sambíóin Kringlunni og Sambíóin Akureyri, Sambíóin Keflavík og Selfossbíó

Frumsýnd
29. júní 2022

Aðalhlutverk:
Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Bragi Þór Hinriksson, Erla Ruth Harðardóttir, Jóhanna Vigdís Arnardóttir og Karl Örvarsson

Handrit:
Brian Lynch, Matthew Fogel og Cinco Paul

Leikstjórn:
Kyle Balda, Brad Ableson og Jonathan del Val

L





**Við höfum
svalað þorsta
Íslendinga í 80 ár**

Coca-Cola
EUROPACIFIC
PARTNERS

Snillin á bak við ótrúlega þroska- og sigursögu

I Am Zlatan er ótrúleg sönn saga af heimsfrægu fótboltahetjunni Zlatan Ibrahimovic. Zlatan er fæddur í Svíþjóð en er sonur innflytjenda frá Balkanlöndunum. Hann varð fyrir miklu mótlæti á unga aldri en fann hjálpræði í fótbolta þar sem hann uppgötvaði fljótt ótrúlega hæfileika sína. Kvikmyndin segir frá uppvaxtarárum Zlatans, fjölskyldulífi og upphafi fótboltaferils hans. Fótboltinn fangaði hug Zlatans þegar hann var ungur og hafði hann hæfileika, metnað og vilja til að ná langt þrátt fyrir mikið mótlæti. Öll þekkjum við knattspyrnu-goðið Zlatan sem virðist hafa óendanlega hæfileika sem knattspyrnumaður og ógrar náttúru-lögmálum með því að spila í hæsta gæðaflokki þrátt fyrir að vera kominn á fimmtugsaldur, er fæddur 1981. Lifið hefur hins vegar ekki alltaf leikið við Zlatan og því fer fjarri að hann hafi fengið allt upp í hendurnar. Í mótlæti æskunnar varð knattspyrnan flóttaleið hans úr fátækt og ömurleika steinsteypta frumskógarins sem var heimkynni hans fyrstu árin. Myndin segir þroskasögu drengs sem gefst ekki upp heldur nýtir ótrúlega hæfileika sína til að brjótast til frægðar og frama. I am Zlatan er hins vegar alls ekki hefðbundin heimildamynd. Þetta er leikin mynd í fullri lengd, gerð eftir sjálfsævisögu Zlatans, sem sló í gegn svo um munaði. Við fylgjumst með vandamálum Zlatans í æsku, fjölskyldulífinu og aðstæðunum sem hann ólst upp við. Við sjáum uppreisnarandann brjótast fram í ungum manni sem



Fróðleikur

- Á veitingahúsi í París er hamborgari nefndur eftir Zlatan, en þar í bæ er hann mjög vinsæll eftir farsælan feril með Paris Saint-Germain. Borgarinn er engin smásmíði fremur en Zlatan sjálfur og vegur 600 g.
- Zlatan er með svarta beltið í taekwondo. Beltið fékk hann í heiðursskyni fyrir afrek sín á knattspyrnuvellið, en í æsku æfði hann greinina með Malmö taekwondo-klúbbum.
- Einu sinni gaf Zlatan öllum liðsfélögum sínum nýja Xbox One leikjatölvu.
- Nafnið Zlatan er orðið sagnorð í sænsku og þýðir að gnæfa yfir eða gera eitthvað afburðavel.

» Í æsku kynntist hann miklu mótlæti og fótboltinn varð hans flóttaleið úr fátækt og ömurleika steinsteypta frumskógarins sem var heimkynni hans fyrstu árin.

var staðráðinn í að nýta hæfileika sína á stóra sviðinu og verða bestur allra. ■

Smárabíó og Háskólabíó


Komin í bíó

Aðalhlutverk:
Granit Rushiti (Zlatan 17 ára), Dominic Andersson Bajraktati (Zlatan 11 ára), Cedimir Glisovic, Merima Dizdarevic, Hákan Bengtsson, Selma Mesaovic og Linda Haziri

Handrit:
Jakob Beckman og David Lagercrants (skrásetjari ævisögu Zlatans)

Leikstjórn:
Jens Sjögren

6



Goodfellas

Kvikmyndin Goodfellas (1990) í leikstjórn Martins Scorsese er af mörgum talin með betri myndum sem gerðar hafa verið, að minnsta kosti þegar kemur að þessari tegund glæpamynda. Aðalpersónan er Harry Hill og er hann leikinn af þeim stórskemmtilega og hæfileikaríka leikara Ray Liotta, sem því miður kvaddi þessa tilvist fyrir nokkrum dögum.



Liotta var síður en svo fyrsta val Scorseses, en sagt er að Sean Penn, Alec Baldwin, Val Kilmer og Tom Cruise hafi allir komið til tals. Scorsese á að hafa hrifist svo af Ray Liotta í kvikmyndinni Something Wild (1986), í leikstjórn Jonathan Demme, að hann fékk hlutverkið, sem varð stærsta hlutverk hans á leikferlinum.

Fróðleikur um Goodfellas, Ray Liotta og fleira

Einhverjar mögnuðustu myndir kvikmyndasögunnar eru Goodfellas og myndirnar um dr. Hannibal Lechter. Ray Liotta, sem fallinn er frá fyrir aldur fram, vann sinn stærsta sigur í Goodfellas og atriðið þar sem Lechter matreiðir fyrir hann hluta heila hans gleymist seint.



Goodfellas og Henry Hill

Kvikmyndin Goodfellas er byggð á ævisögunni Wiseguy: A Life in the Mafia Family (útg. 1985) eftir blaðamanninn Nicholas Pileggi, sem sérhæfði sig í umfjöllun um glæpi. Þar segir hann frá ævi Henry Hill og lífi hans í mafiunni og eftir að hann gerðist heimildarmaður lögreglunnar. Henry þurfti því að fara í vitnavernd, en honum líkaði það ekkert sérstaklega. Velgengni kvikmyndarinnar Goodfellas gladdi hann mjög og sagði hann öllum að myndin fjallaði um hann. FBI neyddist þá til að taka hann úr vitnaverndinni. Kvikmyndin My Blue Heaven (1990) var einnig byggð á lífi Henrys og handritið skrifaði Nora Ephron, eiginkona Nicolas Pileggis.



Gamall vinur í mat

Eitt magnaðasta atriði í kvikmyndinni Silence Of The Lambs er þegar dr. Hannibal Lecter ávarpar dr. Stirling (leikin af Jodie Foster) í klefa sínum og segir: „Ég át lifrina úr honum með breiðbaunum og chianti“ og gefur svo frá sér þetta sturlaða söghljóð og horfir á hana með trylltu augnaráði. Er þetta tilviljanakennd upptalning? Nei, kvikmyndalistin rúmar engar tilviljanir, Hannibal á nefnilega að vera á lyfi sem heitir monoamín oxidasahindrar og er notað gegn þunglyndi. Þeir sem eru á því lyfi mega alls ekki borða lifur, baunir né drekka vín, því það getur verið þeim lifshættulegt. En með þessari yfirlýsingu er hann að láta dr. Stirling vita að hann sé alls ekki að taka lyfin sín ... sem eru mjög slæmar fréttir, sérstaklega þegar Hannibal er annars vegar.



Hannibal

Dr. Hannibal Lecter, leikinn af Anthony Hopkins, er líklega einn af þekktustu karakterum kvikmynda-sögunnar. Hann kom fyrst fram á sjónarsviðið í kvikmyndinni Silence Of The Lambs (1991). Í framhaldinu kom kvikmyndin Hannibal (2001) og í henni leikur Ray Liotta í alræmdu atriði. Þar leikur hann Paul Krendler, fulltrúa frá dómsmálaráðuneytinu, sem er í gislingu dr. Lecters, sem gerir á honum fádæma grimmilegar rannsóknir, sem felast meðal annars í því að höfuðkúpa hans er höfð opin og heilinn því alltaf aðgengilegur. Þegar dr. Stirling (leikin af Julianne Moore) er í heimsókn hjá dr. Lecter tekur hann hluta af heila Pauls, steikir og gefur honum að borða. En ekki bara hvaða hluta sem er heldur þann sem geymir árásgirnd, því að Hannibal fannst Paul ekki nógu kurteis. Eftir mál-tíðina var Paul Krendler ekkert nema elskulegheitin.





Bryggjan Grindavík
NETAGERÐIN

NÝR MATSEÐILL LENGRI OPNUNARTÍMI

Opið daglega 11:00 - 21:00



Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Bátar

MERCURY
Utanborðsmótorar
2,5 - 600 hp.



Verkstæði Vélasöluunnar hefur á að skipa sérhæfum starfsmönnum til viðgerða og viðhalds á Mercuriser bátavélum og Mercury utanborðsmótorum

R.SIGMUNDSSON
VÉLASALAN
www.velasalan.is
s. 520 0000, Dugguvogi 1
104 Reykjavík

Þjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.
Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.
Tímavinna eða tilboð.
Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Skemmtanir



SKEMMTANIR
HLJÓMSVEIT: A. KRÖYER / DÚETT
Tek að mér að spila í einkasamkvæmum, brúðkaupum, árshátíðir, afmælum og fl. Síðan get ég líka verið með með fjöldasöng og nota þá kassagítar. Verð við allra hæfi.
Anton uppl. í síma 895 9376 og antonben@simnet.is.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskípti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Tómstundir & Ferðir

Fyrir veiðimenn

VEIÐIRÉTTHAFAFAR
Þjórás, Hvítá og Ölfusá. Netin tilbúin. HEIMAVÍK EHF. S. 892-8655

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði
Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

Heilsa

Heilsuvörur



gottcbd.is

Húsnæði

Húsnæði í boði

Góð 2. herb. 72 fm íbúð til leigu í Grafarvogi, langtímaleiga 215 þús per mán, 2 mán. bankatrygging. Reykingar ekki leyfðar né gæludýr. Áhugasamir sendið upplýsingar um fjöldaskylduhagi á habbyhalldors@gmail.com

Atvinnuhúsnæði

Til leigu 50 m2 bil + milliloft. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 109 þús. S: 661-6800

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúð, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is
WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Fundir

ÁRSFUNDUR UNICEF Á ÍSLANDI



Ársfundur UNICEF á Íslandi verður haldinn miðvikudaginn 15. júní 2022 kl 10-11 í Miðstöð Sameinuðu þjóðanna að Laugavegi 77, 101 Reykjavík.

Óttarr Proppé, formaður stjórnar UNICEF á Íslandi, mun stýra fundinum sem verður opinn almenningi og fjölmiðlum.
Á fundinum mun framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi, Birna Þórarinsdóttir, kynna helstu niðurstöður í starfi landsnefndarinnar árið 2021.

HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ PIÐ!

Til sölu



Sumarhús og stórt land
55 mín. úr bænum!
8 hektara eignarland með 30 fm. bústað!
Geggjað svæði rétt við Þykkvabæ! 360° útsýni. Hentar vel fyrir hestamenn. Má byggja 2000 fm. á landinu.
Verð 24 m.
Uppl. Atli 699-5080



Tiltekt



Við tökum til
og bjóðum valdar vörur
á stórlækkuðu verði.

FRITZ HANSEN, ROSENDAHL, STELTON,
ERIK JORGENSEN, MARIMEKKO,
JOSEPH JOSEPH, CARL HANSEN,
HAY OG ALLIR HINIR

Skeifan 6 / 5687733 / www.epal.is



10-70% AFSLÁTTUR

Í DAG FÖSTUDAG,
OG Á MORGUN
LAUGARDAG,
3. - 4. JÚNÍ

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá
- 19.00 Kódrængir - Grindavík Bein útsending frá leik í Lengjudeildinni. Fyrri hálfleikur
- 20.00 Kódrængir - Grindavík Bein útsending frá leik í Lengjudeildinni. Seinni hálfleikur
- 21.00 Íþróttavíkan með Benna Bó Íþróttta- og skemmtiþáttur með Benedikt Bóas

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi
- 13.10 Kastljós
- 13.35 Útsvar 2011-2012 Akranes - Hveragerði
- 14.30 Eldað úr afskurði
- 14.55 Sumarlandabrot 2021
- 15.00 90 á stöðinni
- 15.20 Hið sæta sumarlíf
- 15.50 Með okkar augum
- 16.20 Úti Örafajökull, Hvannadals-hnúkur og Vestari Hnappur
- 16.45 Stíklur Afskekkt byggð í alfaraleið
- 17.30 Tónstofan Eyþór Gunnarsson
- 17.55 KrakkaRÚV
- 17.56 Lesið í líkamann
- 18.24 Sögur - stuttmyndir Sporin
- 18.31 Sögur - stuttmyndir Klaufski leynipjónustumaðurinn Lúlli
- 18.45 Sögur frá Listahátið
- 19.00 Fréttir Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, árið um kring.
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.40 Kastljós Lifandi og fjöl-breyttur þáttur um fréttir, menningu og dægurmál.
- 20.00 Gettu betur - Á blápræði
- 21.15 Dýrin mín stór og smá All Creatures Great And Small Bresk þáttaröð um dýra-læknastofu í Yorkshire á fjórða áratugnum. Þættirnir byggjast á bókum eftir Alf Wight sem skrifaði undir nafninu James Herriot.
- 22.05 Vera Vera Bresk sakamála-mynd byggð á sögu eftir Ann Cleeves um Veru Stanhope rannsóknarlögreglukonu á Norðymbralandi. Með aðal-hlutverk fara Brenda Blethyn og David Leon. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
- 23.35 Merki um ást To Write Love on Her Arms
- 01.15 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil
- 13.15 The Late Late Show
- 14.00 The Block
- 15.00 Bachelor in Paradise
- 16.30 Spin City
- 16.55 The King of Queens
- 17.15 Everybody Loves Raymond
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show
- 19.10 The Unicorn
- 19.40 Black-ish Bandarísk gaman-þáttaröð. Nýrík fjölskylda tekst á við þær breytingar að efnast hratt og koma sér sífellt í aðstæður sem þau eiga erfitt með að vinna úr.
- 20.10 Win a Date with Tad Hamilton!
- 21.45 The Rental Tvö pör leigja sér hús úti á landi til að skemmta sér í yfir helgi. Þeim fer fljótlega að gruna að eigandi hússins sé að njósna um þau.
- 23.15 Are You Here
- 01.05 American Heist Spennu-mynd frá 2014. Smákrimm-inn Frankie Kelly kemur heim til yngri bróður síns, James Kelly, eftir að hafa af-plánað tíu ár í fangelsi.
- 02.35 Snitch
- 04.25 Tónlist
- 07.55 Heimsókn
- 08.15 The Mentalist
- 08.55 Bold and the Beautiful
- 09.20 Supernanny
- 10.00 MasterChef Junior
- 10.45 Hindurvitni
- 11.10 Your Home Made Perfect
- 12.10 It's Always Sunny in Philadelphia
- 12.35 Nágrannar
- 12.55 Bara grin
- 13.20 First Dates Hotel
- 14.05 The Bold Type
- 14.50 Út um viðan völl
- 15.25 The Dog House
- 16.10 Shipwrecked
- 17.00 Glaumbær
- 17.40 Bold and the Beautiful
- 18.00 Nágrannar
- 18.26 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.40 Sportpakinn
- 18.55 Wipeout
- 19.25 Britain's Got Talent
- 20.25 Voyagers
- 22.10 Midway
- 00.25 The Hunt
- 01.50 The Mentalist
- 02.35 Supernanny
- 03.15 Your Home Made Perfect
- 04.15 It's Always Sunny in Philadelphia

Farið yfir fréttir vikunnar á Fréttavaktinni

Fréttavaktin á Hringbraut er ekki með sama sniði á föstudagskvöldum og aðra daga vikunnar, en þá fá fréttamenn hennar til sín valda samfélagsrýna til að fella palladóma um menn og málefni sem hafa verið í fréttaumfjöllun vikunnar. Og væntanlega verður rætt um neyðarástandið á Landspítalanum í þætti kvöldsins og lúsina sem útgerðarmenn greiða í veiðigjöld á ári og krytur stjórnarliða, þar á meðal ráðherra, í innflytjendamálum verða örugglega á sínum stað. Fréttavaktin er alla virka daga vikunnar klukkan 18.30 í opinni dagskrá eins og allt annað efni Hringbrautar. ■



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT
1 ríki í evrópu
5 kirna
6 snæði
8 gegndi
10 í röð
11 draup
12 vísað
13 fugl
15 háöldruð
17 embætti

LÓÐRÉTT
1 fótskör
2 finn
3 tímabils
4 upp
7 duttlungar
9 heildareign
12 pakki
14 mælgí
16 pípa

LÁRÉTT: 1 spánn, 5 ker, 6 et, 8 ansaði, 10 mn, 11 lak, 12 bent, 13 emúli, 15 langær, 17 stada. LÓÐRÉTT: 1 skammel, 2 penn, 3 árs, 4 neðan, 7 tiktúra, 9 aleiga, 12 bunt, 14 mas, 16 æð.

Sudoku

4			3	9	2			
8							7	
1	2					4	6	
		1		8	3	7	9	
2			9	4			8	
		7	6	1				
	6		4					7
				3	9	8		
7	9	2				1	4	3

	8	4		1				
						7	8	
		1				3		
6		8	5			9		
9			2	7		4		
	5		9					
		6				7		2
			3				6	
				2	9	1		

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Hætti í HÍ vegna aðgengismála

Margrét Lilja Arnheiðardóttir er nýr formaður Landssamtaka Sjálfsbjargar. Hún er tuttugu og sex ára gömul og yngsti formaður félagsins frá upphafi. Hún notar hjólastól vegna bandvefssjúkdóms og kveðst hafa gefist upp á námi við Háskóla Íslands vegna slakra aðgengismála árið 2019, þegar henni var bent á að velja sér nám á öðru sviði sem kennt væri í aðgengilegri skólahúsum.



Austur-Skóglendis talmálinu bjargað

Árið 2020 fékk úkraínski blaðamaðurinn Ihor Stakh hæli hér á landi af mannúðarástæðum. Í dag leggur hann stund á nám í íslensku og í því námi hefur honum gefist tækifæri til að skrasetja mállýsku forfeðra sinna, Austur-Skóglendis talmál frá Úkraínu, sem annars hefði glatast.





**FULLKOMNASTA
HÚÐMEÐFERÐIN**
OKKAR

NÝTT MED
BAKUCHIOL

9.10
AF
STAÐFESTA
bætt yfirbragð húðarinnar*

- ♥ EYKUR FYLLINGU
- ♥ ENDURMÓTAR ÚTLÍNUR
- ♥ MINNKAR DJÚPAR HLUKKUR



*Niðurstöður eftir 4ja vikna neytendakönnun 47 kvenna á aldrinum 46-62 ára.

Með þér í sumar

298
kr./stk.



1
ltr

459
kr./stk.



750
ml

**Óáfengur
sumardrykkur**

879
kr./pk.



**4x 2 ltr
í pk.**

159
kr./stk.



330
ml

198
kr./stk.



330
ml

159
kr./stk.



275
ml

298
kr./stk.



2
ltr

298
kr./pk.



**Ísmolar
2 kg**

BÓNUS



598
kr./pk.

Smash style hamborgarar
2x 120 g



Gerðu garðinn
frægan

998
kr./pk.

40 ltr

Van Egmond gróðurmold
40 ltr



Glærir ruslapokar
10 stk. í pk. - 70x110 cm

359
kr./pk.



Hindber
125 g í pk. frá Portugal

398
kr./pk.



Rauð vínber
frá Síle

898
kr./kg

698
kr./pk.



Jarðarber
500 g í pk. frá Hollandi

1.998
kr./kg

Sama verð
og í fyrra

6 sneiðar
í pk.




Íslandslamb
lambagrillpakki

759
kr./pk.



Bláber
500 g í pk. - Portugal

Lokað í öllum
verslunum Bónus
hvítasunnudag



Með Rolling Stones á sama stað 40 árum síðar

Jóhann Hliðar Harðarson sá rokkband eilíðarinnar, The Rolling Stones, á tónleikum í Madrid 1982 og furðaði sig þá á hversu sprækur Mick gamli, Jagger var á sviðinu. Hann tékkaði aftur á Stones í fyrra-dag á sama stað og upplýsir hér með að Jagger getur ekki verið úr sama efni og aðrir dauðlegir menn.

Jóhann Hliðar Harðarson

Ég man að ég hugsaði: „Mikið andskoti hvað þessi gamli maður getur hlaupið þindarlaust um sviðið.“

Þetta var 7. júlí 1982. Og ég man þennan dag eins og gerst hefði í gær. Þetta voru fyrstu tónleikar Rolling Stones í Madrid. Og þeir fóru í sögu-bækurnar.

Spænskir fjölmiðlar eru enn að fjalla um þessa tónleika. Á nokkurra ára fresti rifja þeir þá upp, segja þá eina bestu, ef ekki bestu tónleika sem haldnir hafa verið á Spáni og eina þá bestu af mörgum hundruðum (eða þúsundum) tónleika sem Rolling Stones hafa haldið.

Og tónleikarnir voru í raun töfrum líkir. Þetta var heitasti dagur ársins í Madrid, 39,2 gráður þegar best/verst lét. Við félagarinn vorum komnir inn á grasið á heimavelli Atlético Madrid fjórum klukkustundum áður en tónleikarnir áttu að byrja. Og hitinn! Svo ofboðslegur að þeir sem voru með bjór eða rauðvín á leðurbelgjum notuðu vökvann jöfnum höndum til að kæla sig innvortis sem útvortis, menn sprautuðu hreinlega rauðvíninu yfir höfuðið á sér. Ég var að kafna.

Upphitunarbandið var J. Geils Band sem ég þekkti vel. En allt spilið þeirra fór fyrir ofan garð og neðan hjá mér sem fleirum, þar sem hitinn var um það bil að fara að hafa varanleg áhrif á heilastarfsemina.

Sjá undur gerast

Þá gerðist undrið: Klukkan þrjár mínútur yfir níu hljóp Mick Jagger inn á sviðið ... og allt bandið á eftir. Á sama augnabliki skrífuði Drottinn allsherjar svo rækilega frá krönum himnanna að maður hefur sjaldan upplifað annað eins. Allt fór á flot á augabragði. Himnarnir lýstust upp af eldingum og hljómsveitin var með det samme komin í alvarlega keppni um hvor gæti látið heyrast betur í sér, náttúran með sínum ofboðslegu þrumum eða Stones með upphafslaginu Under My Thumb.

Svo gerðist undur númer 2: Hálf tíma eftir að tónleikarnir hófust var skrúfað fyrir eins og hendi væri veifað. Og allir í kringum mig drógu fram þurra stuttermaboli sem þeir höfðu farið úr á meðan rigndi og stungið ofan í gallabuxurnar. Nema ég. Ég stóð þarna eins og hundur af sundi dreginn í mínum rennandi blautu bol, en mér var alveg sama. Ég var í algleymi. Sviðið var á floti. Mick Jagger slóst við náttúruöflin og hafði betur. Og það var einmitt þarna sem ég hugsaði: „Mikið andskoti hvað þessi gamli maður getur hlaupið þindarlaust um sviðið.“ Ég var 19 ára, hann var 39 ára.

Frelsi, frelsi, frelsi!

Já, árið 1982 var Spánn ein iðandi deigla, frelsi, frelsi, frelsi, var orð dagsins og yfir og allt um kring. Madrid var þekkt sem borgin sem aldrei svaf og unga fólkíð var fullt bjartsýni og lífsgleði.

Það var ótrúleg upplifun að taka þátt í þessu spænska vori. Sem að mörgu leyti minnti marga á vorið í París 1968, nú skyldi æskan taka völdin, nú skyldi æskan njóta lífsins, nú skyldi vera gaman. Hvert tækifæri var notað til að skemmta



Árið er 2022 og Jagger djöflast í sama jötunmöð og Jóhann Hliðar sá hann síðast á tónleikum í borginni fyrir fjórum áratugum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Ioanna, Rea og Aggeliki í góðu stuði með Aðalheiði og Ragnari. Þær komu alla leið frá Grikklandi til að sjá Stones.

MYND/ADSEND



Jóhann Hliðar, ekki alveg sami maðurinn og þegar hann sá Stones í Madrid 1982, hitar upp fyrir endurfundina í fyrradag ásamt Ragnari Hólmi Ragnarsyni, Aðalheiði Önnu Ragnarsdóttur og Teresu Hita López.

MYND/ADSEND

sér, fíkniefnum var flaggað til hægri og vinstri á börum, kaffihúsum, í skemmtigörðum og á torgum ... sjáið mig! Ég geri það sem mér sýnist!

Það var í þessu andrúmslofti sem Rolling Stones tryllti 60.000 áhorfendur í miðborg Madrid miðvikudagskvöldið 7. júlí.

Nýir bolir og gamlir

Spánn fyrir 40 árum og Spánn í dag eru tveir ólíkir hlutir. Ég fyrir 40 árum og ég í dag erum líka tveir ólíkir menn. Eða er það ekki? Ég skal ekki segja ... erum við ekki alltaf bara rétt um tvítugt? Spyrjið bara Keith Richards ...

Allavega, það er enn einu sinni kominn miðvikudagur, 1. júní, og það er komið að því aftur ... 40 árum síðar ... hver hefði trúað því? Það er komið að því aftur að Rolling Stones troði upp í Madrid. Þeir hafa reyndar gert það oft síðan 1982, en ég er aftur mættur ...

Og já. Spánn fyrir 40 árum og Spánn í dag eru tveir ólíkir hlutir.

Þessi ólgandi frelsistilfinning og bjartsýni sem var yfir og allt um kring hjá ungu fólki, minni kynslóð, er á bak og burt. Atvinnuleysi meðal ungs fólks býr heima hjá foreldrum sínum langt fram á fullorðinsárin og sér vart fram á að koma sér þaki yfir höfuðið og stór hluti þess ætlar ekki að eignast börn. Þau hafa ekki efni á því. Hvergi í heiminum fæðast eins fá börn, hlutfallslega, og á Spáni. Og vofa fasismans lætur á sér kræla svo um munar, öfgahægriflokkur Vox þýtur upp á himinfestinguna með þvílíkum hraða að mjög margir telja víst að flokkurinn verði kominn í ríkisstjórn innan nokkurra ára.

En í nokkrar klukkustundir á fallegum miðvikudegi látum við okkur áhyggjur og vandamál heimsins litlu varða. Við erum á leiðinni á tónleika með Rolling Stones. Smám saman fyllist miðbær Madrid, þessarar stórkostlegu borgar sem aldrei sefur, af fólki í Rolling Stones bolum, nýjum bolum og gömlum bolum. Og

það sem kemur mér eiginlega mest á óvart er að það er sægur af ungu fólki á leiðinni á tónleikana. Þarna eru Ioanna og vinkonur hennar, tæplega þrítugar, og komnar alla leið frá Grikklandi til þess að horfa á gömlu mennina. Ioanna segir mér að þær hafi verið harðákveðnar í að sjá Rolling Stones í Madrid, þetta hljóti að vera síðasta tónleikaferðalagið þeirra. Þabbi hennar situr heima í Grikklandi, grænn af öfund. Og Victoria frá Argentínu, 25 ára, búsett í Madrid, segir að allir hennar argentínsku vínir í borginni hafi verið harðákveðnir í að sjá þessar goðsagnir úr æsku foreldra sinna.

Hola Madrid!

Charlie Watts kvaddi þessa jarðvist í fyrra, í hans stað er kominn Steve Jordan, sem er bara 65 ára. Hálfgerður unglingur.

Fyrir 40 árum fór ég með tveimur góðum félögum frá „þorpinu mínu“ (Calera y Chozas) á Spáni, Tirso og Andrésí. Þeir sitja núna með Charlie Watts og telja í, báðir létust langt fyrir aldur fram. Í dag sit ég hér með bestu vinkonu minni, Tere. Hún er systir Andrésar og því hafa þessir tónleikar mikið tilfinningalegt gildi fyrir okkur. En auðvitað er þetta fyrst og fremst bara ofboðslega gaman. Ég finn að ég er með fiðring í maganum. Svo vægt sé til orða tekið.

Leikvangurinn fyllist hægt og rólega, og klukkan kortér yfir 10 eru 50.000 manns samankomnir á Wanda Metropolitan-leikvanginum í Madrid þegar Mick Jagger vippar sér á sviðið og hrópar „Hola Madrid!“ Það þarf ekki meira, þeir eru mættir! Næstu tvær klukkustundirnar rennur hver klassíkin af annarri áfram; Beast of Burden, Honkey Tonk Women, Miss You, Start Me Up, Paint It Black, Sympathy For The Devil, Jumpin Jack Flash, You Can't Always Get What You Want og Out Of Time, sem elstu menn fullyrða að Stones hafi aldrei flutt á tónleikum áður. Lagið er frá árinu 1966. Mick Jagger hefur varla órað fyrir því, 23 ára gamall, að hann myndi syngja þetta fyrir heimsbyggðina rúmlega hálfri öld síðar. Og Mick Jagger! Hann getur ekki verið gerður úr sama efni og við hin. Maðurinn verður áttæður á næsta ári og hann æðir um sviðið ... fram og til baka ... ég segi ekki að



Hins vegar er næsta víst að eftir 40 ár verður Keith Richards enn á ferðinni að halda tónleika.

hann hafi hlaupið, en hann valhoppaði eins og fjallageit. Móðir mín er jafngömul Mick Jagger og hún er hætt að valhoppa ...


Síðasti séns

Jagger talaði við okkur tónleikagestina á spænsku allan tímann. Hann kynnti hljómsveitina og þegar hann kynnti Ronnie Woods til sögunnar, þá sungu 50.000 manns einum rómi „Hann á afmæli í dag“, en Ronnie átti 75 ára afmæli þennan sama dag. Er til skemmtilegri leið til þess að halda upp á 75 ára afmæli en að troða upp á rokktonleikum fyrir framan 50.000 aðdáendur, bókstaflega á öllum aldri? Ég held ekki. Engum er þó fagnað eins ákaft og Keith Richards. Í þrjár mínútur syngja áhorfendur einum rómi: „Olé, olé, olé, olé ...“. Keith brosir út að eyrum eins og hamingjusamur fermingardrengur, hann er snortinn. Svo sveiflar hann á sig gitarnum og syngur tvö lög; Happy og Slipping Away.

Og rúmunum tveimur klukkutímum síðar slá Rolling Stones lokataktinn með líklega þeirra frægasta lagi, „(I Can't Get No) Satisfaction“. Þegar Mick Jagger söng þetta lag árið 1982, þá sveipaði hann um sig spænska fánanum. Í dag eru aðrir tímar og Mick Jagger fór í jakka sem var eins og úkraínski fáninn. Stórkostlegur endir á stórkostlegum tónleikum, stærstu rokksveitar í heimi. Um það er ekki hægt að deila.

Þetta var með öllum ólíkindum og verður ekki endurtekið. Ekki eftir 10 ár, ekki eftir 20 ár, ekki eftir 30 ár. Hins vegar er næsta víst að eftir 40 ár verður Keith Richards enn á ferðinni að halda tónleika. Trúlega einn á ferð, en trúið mér, hann verður enn að. ■

Nánar á frettabladid.is



GODI

**HAFÐU ÞAÐ GOTT.
HAFÐU ÞAÐ GRILLAÐ.**



GLÓANDI

MEÐ ICEHERBS



húð, hár & neglur

paratöflur með sæþörungum

OFURFÆÐA HAFSINS

60 HYLKI | FÆÐUBÓTAREFNI

- Viltu heilbriggt hár & sterkari neglur náttúrulega?
- Kröftug & nærandi íslensk parablanda



SUMARTILBOÐ

Frá Þýskalandi
LANDMANN
Your World of BBQ

Nánar á www.grillbudin.is

Niðurfellanleg hliðarborð

20% afsláttur

SUMAR TILBOÐUM

Lýkur á laugardag

Afl 10,5 KW

- 3 brennarar
- Brennarar úr ryðfriju stáli
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárni
- hitajöfnunarkerfi
- Niðurfellanleg hliðarborð
- Rafkveikja fyrir alla brennara
- Tvöfalt einangrað lok
- Stór posulínshúðuð efri grind
- Hitamælir
- Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu
- Grillflötur 65 x 44 cm

FULLT VERÐ 99.900

SUMARTILBOÐ

79.900

Grillbúðin

Smiðjuvegi 2, Kópavogi
Sími 554 0400
www.grillbudin.is

30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SUMARVÖRUM TIL 6. JÚNÍ



ILVA

5. JÚNÍ - LOKAÐ 6. JÚNÍ - KAUPTÚN 11:00 - 18:00 AKUREYRI 12:00 - 18:00



FRÉTTIR, FÓLK & MENNING

á Hringbraut



Minningarnar streymdu inn

Kristján Eldjárn gítarleikari lést á þritugasta aldursári fyrir 20 árum. Unnur Sara Eldjárn, dóttir hans, var þá níu ára gömul. Þann 17. júní verða þættir um ævi Kristjáns fluttir á Rás 2, þar sem Unnur Sara og fjölmiðlakonan Brynhildur Björnsdóttir ræða við samstarfsfólk og vini gítarleikarans fjölhæfa.

ninarichter@frettabladid.is

„Síðast voru svona tímamót árið 2012 þegar pabbi hefði orðið fertugur,“ segir Unnur Sara Eldjárn, tónlistarkona og frumkvöðull. „Þá voru stórir tónleikar í Þjóðleikhúsinu, sem er ekki eitthvað sem við förum að gera aftur af ýmsum ástæðum,“ segir hún. Unnur Sara segir að því hafi hugmyndin um útvarpsþátt komið til hennar, sem leið til að varðveita upplýsingar um samstarf og vináttu.

„Við getum átt þetta og hlustað á þetta í framtíðinni næstu áratugi. Þetta er bæði fyrir þá sem þekktu hann, en á sama tíma líka fyrir þá sem þekktu hann ekki,“ segir hún.

Fjölhæfnin stóð upp úr

Unnur Sara var níu ára þegar faðir hennar lést. Aðspurð hvort hún hafi hugsanlega kynnst áður óþekktum hljóðum á föður sínum í þessu ferli, svarar hún játandi. „Það er búið að vera mjög lærdómsríkt og skemmtilegt fyrir mig að kafa svona djúpt í efnið. Velta fyrir mér hver ætti að vera viðmælandi og hvað ætti að fjalla um, átta sig á því hvað væri mikilvægast,“ segir Unnur Sara.

Hún segir að skemmtilegast hafi verið að sjá hversu fjölhæfur tónlistarmaður faðir hennar var. „Hann hafði svo mikinn metnað, og bar svo mikla virðingu fyrir listinni, sem mér finnst svo fallegt,“ segir hún.

Brynhildur og Kristján vinir

Brynhildur Björnsdóttir fjölmiðlakona var ein af bestu vinum Kristjáns heitins, og því lá beint við að Unnur hefði samband við hana þegar hugmyndin lá fyrir.

„Hún var ein af bestu vinkonum pabba míns, þau voru saman í vínahópi í MH. Það var engin spurning að fá hana með mér í þetta, og hún er frábær fjölmiðlakona líka,“ segir Unnur Sara. „Hún er umsjónarkona þáttarins og tekur viðtölin, en ég er höfundurinn og er á bak við alla



Unnur Sara var níu ára þegar pabbi hennar lést.

MYND/MARINA BOUSSIN



Kristján Eldjárn lést langt fyrir aldur fram árið 2002. FRÉTTABLAÐIÐ/INGÓLFUR

ákvarðanatöku og klippingu,“ segir hún. „Mér finnst fint að fá einhvern annan til að taka viðtölin, einhvern með aðeins meiri fjarlægð.“

Ótalmargir sem þekktu til

Unnur Sara segir hafa komið sér á óvart hversu erfitt var að velja viðmælendur þar sem ótrúlega margir þekktu til hans. „Það eru svo margir sem hafa eitthvað áhugavert að segja og því er kúnst að klippa þetta til, velja og hafna,“ segir hún.

„Um daginn voru 20 ár síðan

hann lést og þá voru margir af ættingjum mínum sem settu inn stöðu-færslu á Facebook. Minningarnar streymdu inn og það voru margir sem fóru að skrifa um kynni sín af honum,“ segir Unnur. „Þar var margt fólk sem ég vissi ekki að hefði þekkt pabba minn og margar sögur af ýmsu fyndnu sem hann hafði sagt.“

Meðal viðmælenda eru Guðmundur Pétursson, eða Gummi Pí, Eva María Jónsdóttir, Páll Óskar og Ari Eldjárn.

Markaðssetur tónlist

Unnur Sara er með mörg járn í eldinum en auk dagskrárgerðar fyrir útvarp sinnir hún tónlistarferli í Montpellier í Suður-Frakklandi. Þá er hún nýbúin að stofna fyrirtækið „Wrap my music,“ sem sérhæfir sig í markaðssetningu á tónlist. „Ég hef verið að fá svo mikið af alls konar fyrirspurnum. Fólk spyr hvort ég geti markaðssett tónlistina þeirra, og ég hef ekki getað tekið á móti þessu öllu,“ segir hún.

„Ég hef einbeitt mér að því að veita ráðgjöf og vera með Spotify-fyrirlestra. Ég fór því að ráða inn starfsfólk, allt konur. Núna erum við að bjóða upp á markaðsherferðir fyrir tónlistarfólk og aðstoð við styrkumsóknaskrif.“ ■

Býflugur heilla friðarþingheim

toti@frettabladid.is

Hópur fyrrverandi alþingismanna gerði góða skemmtiferð um Suðurland í þverpólitískri sátt í vikunni enda var Félag fyrrverandi alþingismanna stofnað formlega 1986 eftir að nokkrir fyrrverandi þingmenn hittust á Hótel Borg árið áður og komust að þeirri sameiginlegu niðurstöðu að þegar pólitískt vopnaskak heyrði sögunni til gæti verið gaman að hittast stöku sinnum til þess að rifja upp gömul kynni og ræða landsins gagn og nauðsynjar.

Þetta tvennt var sameinað ágætlega í ferðinni og einkar viðeigandi að hópurinn kom við í Friðheimum þar sem málin voru rædd yfir tómatsúpu sem hermt er að sé sú besta í heimi hér.

Hráefnið í súpunu, tómatararnir, eru ræktaðir í Friðheimum allan ársins hring í raflystum gróðurhúsum þar sem sérinnfluttar býflugur sinna



Sólveig Pétursdóttir, formaður Félags fyrrverandi alþingismanna, var í fararbroddi og Guðni Ágústsson kom sér fyrir þar sem honum líður best. Í forgrunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

frjóvgun tómataplantnanna af addáunarverðum dugnaði. Fulltrúar þingheims liðinnar tíðar hlýddu nánast opinmyntir af hrifningu á fyrirlestur staðarhaldarans um magnað flugnakynið sem þar er ræktað og hefur lagt sitt af mörkum til þess að gera súpuna að því sem hún er.

Þar sem saman eru komnir þrír fyrrverandi þingmenn, þar er Guðni Ágústsson. Sérstaklega þegar fundurinn er á Suðurlandi þar sem landbúnaðarráðherrann fyrrverandi fer um sem héraðshöfðingi væri og þrátt fyrir áherslu hans á að best sé að allt sé íslenskt gerði hann ekki athugasemdir við uppruna flugnanna. ■

ICELANDAIR



Frumkvöðlar frá fyrsta degi

Frá upphafi höfum við alltaf horft fram á veginn. Við sáum tækifæri í að nýta Ísland sem tengimiðstöð á milli Evrópu og Norður-Ameríku. Við höfum fjárfest í innviðum og nýsköpun í ferðaþjónustu og haldið merkjum Íslands á lofti um allan heim. Þannig höfum við lagt okkar af mörkum til íslensks samfélags og efnahags.

Við erum á fleygiferð til framtíðar. Við látum til okkar taka þegar kemur að sjálfbærri þróun og trúum að orkuskipti í flugi skapi ný tækifæri fyrir Ísland sem miðstöð umhverfisvæns flugs á Norður-Atlantshafi.

Við fögnum afmæli okkar í dag – á flugi síðan 1937.

Bakþankar

Svanborgar
Sigmarsdóttur



Breyttur heimur

Allt breytist í kringum okkur en helst á sama tíma alveg eins, allt eftir því hvernig á það er litið. Við þráum öryggi og hamingju af jafn mikilli ástríðu, hvar sem við erum og hvenær sem við höfum lifað. Hvað í því felst er svo breytilegt. Áhyggjur mínar og þínar, hvað þetta varðar, eru trúlega minni háttar samanborið við íbúa Úkraínu eða annarra stríðshrjáðra svæða. En þráin er alls staðar til staðar.

Staðan í Mariúpol og Kíjív er ekki lengur forsíðufrétt. En afleiðingarnar hafa svo sannarlega borist með vorskipunum. Verðbólga vegna hækkandi innkaupaverðs. Ötti um matarskort í heiminum. Hæsta bensinverð í manna minnum. En líka fréttir um samstöðu í Evrópu.

Það eru stórfréttir að hlutlausu ríkin, Svíþjóð og Finnland, sæki um aðild að NATO, því þau telja öryggi sínu betur borgið innan bandalagsins en utan. Eitthvað sem kom ekki til greina allt kalda stríðið, þrátt fyrir ötta um kjarnorkustríð og ógnir. Þá töldu þessi ríki öruggara að halda rússneska birninum rólegum. Nú er björninn órólegur og þá er betra að vera innan girðingar en á berangri.

NATO-ríkið Danmörk hefur svo valið að standa ekki lengur utan varnarsamstarfs ESB. Hagsmunamatið hefur breyst og þjóðin telur betra nú að vera inni en úti. Norræna fjölskyldan á í djúpri umræðu um hvernig tryggja skuli hagsmuni þjóðar í breyttri heimsmynd. Niðurstaðan hjá þessum þremur ríkjum er að það sé í þjóðarhag að bindast samtökum annarra vestrænna og lýðræðislegra ríkja. Að stoðirnar séu tvær, innan NATO og innan ESB. Því í samstarfi með öðrum ríkjum sé þeirra eigin þjóð sterkari. Er ekki kominn tími til að eiga þetta samtal líka á Íslandi? ■

HRAUNHAMAR

FASTEIGNASALA

BÆJARHRAUN 10 – HAFNARFIRÐI

SÍMI: 520-7500 - FASTEIGNASALA SÍÐAN 1983



NÝBYGGINGAR

Í HAFNARFIRÐI

FJÖLDI EIGNA AÐ KOMA Í SÖLU

Í SKARDSHLÍÐ OG HAMRANESI



SERTA ER OPINBER BIRGI















AÐ SOFA BETUR OG LÍÐA BETUR ER OKKUR ÖLLUM DÝRMÆTT

STILLANLEGIR DAGAR

20% AFSLÁTTUR

KOMDU NÚNA!

SPLENDID ROYAL

Splendid Royal heilsudýnnan frá Serta er pokagormadýna skipt upp í fimm mismunandi svæði. Góður stuðningur er við bakið og mjaðmasvæði en mýkri við axlir. Þannig tryggir þú rétta svefnstillingu hver sem svefnstaða þín er og hjálpar þér að ná dýpri og betri svefn. Hægt er að velja um tvo stífleika, allt eftir því hvað hentar hverjum og einum. Áklæðið utan um dýnuna er mjúkt og slitsterkt, ofnæmisfrítt og andar vel.



Serta Ocean Splendid eru fánleg í tveimur áklæðisgerðum gráu sléttflauei og gráu áklæði. Þau fást í fjórum stærðum; 160/180/200 x 200 cm og 180 x 210 cm. Náttborð seld sér.

Verðdæmi: Serta Ocean Splendid
160 x 200 cm. Fullt verð: 649.900 kr.

Verð nú 519.920 kr.

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

